



FRÉTTABLAÐIÐ

Mæta illa á fundi en fá þó full laun

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir að slæleg mæting sumra stjórnarmanna á fundi hafi verið rædd innan sambandsins. Þrír stjórnarmenn með innan við 50 prósentu fundarsókn.

bth@frettabladid.is



Aldís
Hafsteinsdóttir



Eyþór Arnalds

SVEITARSTJÓRNARMÁL Gunnar Einarsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Garðabæ, Bjarni Jónsson, þingmaður VG, og Eyþór Arnalds, fyrrverandi leiðtogi Sjálfstæðismanna í Reykjavík, voru allir með innan við 50 prósentu mætingu á stjórnarfundum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) frá ágúst í fyrra fram í apríl þetta ár. Fundirnir eru auglýstir með árs fyrirvara.

Premeningarnir hafa allir verið stjórnarmenn í SÍS og fá eins og aðrir stjórnarmenn greiddar um 130.000 krónur á mánuði fyrir stjórnarsetuna, hvort sem þeir sitja fundi eða ekki.

Af fundargerðum að dæma voru þeir fjarverandi fimm til sex sinnum á átta stjórnarfundum á fyrrnefndu tímabili. Aðeins einu sinni sat varamaður Bjarna fundina í hans stað. Fjórum sinnum var Bjarni því fjarverandi án þess að nokkur fyllti í hans skarð. Samkvæmt fundargerðum hafa flestir aðrir stjórnarmenn leitast við að kalla inn varamann við forföll.

Tíðar fjarvistir sumra stjórnarmanna á fundum hafa verið ræddar innan SÍS að sögn Aldísar Hafsteinsdóttur, formanns. „Það geta verið mismunandi ástæður fyrir því

að fólk kemst ekki á fundi en okkur þykir bagalegt ef þetta gerist svona ítrekað,“ segir Aldís.

Aðspurð segist Aldís ekki ætla að fella dóma um mætinguna. „En það er engin spurning að margir sveitarstjórnarmenn vilja í stjórn sambandsins, það er heilmikil samkeppni um stjórnarsetuna og þess vegna er eðlilegt að fólk reyni af fremsta megni að mæta á fundi eða leitist við að varamenn mæti.“

Hvorki náðist í Gunnar né Bjarna. Eyþór Arnalds skýrði fjarvistir sínar með því að oft væri erfitt að fá varamann. Fundirnir hefðu stundum skarast við fundi í nefndum á vegum Reykjavíkurborgar.

„Ég held það væri betra fyrirkomulag ef hægt væri að velja fleiri en einn varamann,“ segir Eyþór.

Hildur Björnsdóttir var varamaður Eyþórs á því tímabili sem um ræðir. ■

Fjörutíu prósent telja of fáu flóttafólki veitt hæli á Íslandi samkvæmt könnun

FLÓTTAFÓLK Rúm fjörutíu prósent svarenda telja Ísland taka við of fáum flóttamönnum í nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið. Rúmum þriðjungum finnst Ísland taka við hæfilegum fjölda en rúm 22 prósent telja of margt flóttafólk fá hæli hér á landi.

Afar mikill munur er á svörum eftir aldri og sker elsti aldurs-

hópurinn, 65 ára eða eldri, sig áberandi frá hinum og telja 43 prósent þeirra Ísland taka við of mörgum flóttamönnum. Í öllum öðrum aldurshópum er hlutfallið undir 24 prósentum og aðeins 14 prósent í aldurshópnum 25 til 34 ára.

Munur á afstöðu til flóttafólks er fremur lítill eftir tekjuhópum og nánast enginn milli kynja. **SJÁ SIÐU 4.**



Allt er til reiðu fyrir þjóðhátíðardaginn hjá Vigdís og Helga Kristjánsbörnum sem æfðu fánaburðinn í Hallargarðinum við Lækjargötu í gær. Eins og þúsundir barna munu þau njóta hátíðarhalds í tilefni 17. júní í Reykjavík en dagskrá með fjallkonu, ræðum, skemmtiatriðum og öðru tilheyrandi fer fram um allt land í tilefni dagsins. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Er bíllinn klár í ferðalagið?

→ Ferðabox, kajakfestingar, hjólaferðir og margt fleira

H Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.hekla.is



Umsóknum um vegabréf fjölgar mikið milli ára

erlamaria@frettabladid.is

SAMFÉLAG Umsóknum um vegabréf hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 757 prósent milli ára, en alls hafa rúmlega fjórtán þúsund manns sótt um vegabréf það sem af er ári. Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu, segir starfsmenn hafa fundið vel fyrir aukningunni.



Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu

„Það hafa mörg börn verið að fá vegabréf hjá okkur og greinilegt að það er uppsöfnuð þörf þar. Þessi aukning er eitthvað sem búast mátti við. Covid er búið og fólk er farið að ferðast miklu meira en síðastliðin tvö ár.“ segir Sigríður.

Þjónustan hefur nú verið bætt þannig að hægt er að panta tíma fyrir vegabréfaumsókn á vef embættisins eða í gegnum appið Noona og því þarf fólk ekki lengur að mæta og bíða eftir afgreiðslu. „Við erum alltaf að leita leiða til að dreifa álaginu og gera ferlið þægilegra fyrir viðskiptavinum,“ segir Sigríður. ■

Faðir Selfoss afhjúpaður



Stytta af Agli Thorarensen, oft nefndum föður Selfoss, var afhjúpuð við hátíðlega athöfn við Tryggvatorg á Selfossi í gær. Miklar kanónur tóku þátt í athöfninni. Kristján Jóhannsson óperusöngvari tók lagið og Fjóra Kristinsdóttir bæjarstjóri, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti, og Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra og stjórnarformaður Styttubandsins, fluttu ávörp. Sjálf afhjúpunin var í höndum barnabarnabarnabarna Egils.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Kári skrifar látnum föður sínum um Hendrix-útgáfu íslenska þjóðsöngsins

SAMFÉLAG Kári Stefánsson skrifar föður sínum, Stefáni Jónssyni fréttamanni, opið bréf sem birtist sem aðsend grein í Fréttablaðinu í dag.

Þrátt fyrir að faðir hans hafi látist fyrir meira en 30 árum metur Kári það svo að meira lífsmark sé með Stefáni Jónssyni en nafna hans útvarpsstjóra og nánustu samstarfsmönnum hans.

Tilefnið er að Stefán Eiríksson útvarpsstjóri neitaði að láta spila nýja útsetningu íslenska þjóðsöngsins, í anda þeirrar útgáfu bandaríska þjóðsöngsins sem Jimi Hendrix gerði ódauðlega á Woodstock-tónlistarhátíðinni 1969, sem síðasta lag fyrir fréttir í dag, 17. júní.

Útvarpsstjóri vísaði í 3. gr. laga um þjóðsönginn sem kveður á



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfða-greiningar

um að ekki skuli flytja hann eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð og neitaði að spila Hendrix-útgáfuna sem Þorsteinn Einarsson gítarleikari og Eypór Gunnarsson píanóleikari eiga heiðurinn af.

Á vef Fréttablaðsins má hins vegar hlýða á þessa nýju útsetningu þjóðsöngsins og horfa á myndband sem Laufey Elíasdóttir tók og klippti saman af þessu tilefni. **SJÁ SÍÐU 10**

Stóra rúgbrauðsmálið að leysast með farsælum hætti

Atvinnubakarar hafa þénað ólöglega á jarðholum í Bjarnarflagi að sögn landeiganda. Jarðhitinn getur verið varasamur.

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Ólga hefur ríkt meðal heimamanna í Mývatnssveit eftir að landeigendur í Reykjahlið bönnuðu að rúgbrauð yrði bakað í holum í Bjarnarflagi án skriflegs leyfis. Stór orð hafa fallið en nú hyllir undir lausn í deilunni sem heimamenn hafa kallað „stóra rúgbrauðsmálið“.

Landeigendur auglýstu í héraðsmiðlinum Hlaupastelpunni fyrir skemmstu að í ljósi þess að óviðkomandi væru farnir að auglýsa og selja aðgang að rúgbrauðsholum í Bjarnarflagi yrði allur rúgbrauðsbakstur óheimill án skriflegs leyfis.

Fannst sumum heimamönnum sem bakað hafa brauð sín í flaginu í áratugi illa vegið að sínu frelsi. Dæmi voru um að frændfólk Reykhlíðunga, sem eiga ekki land að Bjarnarflagi, lýsti yfir opinberlega að það myndi hætta bakstri á þessum slóðum. Ákvörðun landeigenda var sögð til skammar, hún væri stælar og einnig var því haldið fram að landeigendur vildu með ákvörðun sinni mismuna þeim íbúum sem ekki ættu land. Aðrir en landeigendur mættu híma utan-garðs er kæmi að gjöfum jarðhita og náttúru.

Á Facebook var rætt hvort heppilegra hefði verið að ræða við þá sem seldu aðgang að rúgbrauðsholum fremur en að birta orðsendinguna. Það hefði verið betri lausn en „vera með þau leiðindi að banna, banna, banna,“ eins og sagði á Facebook-síðunni Mývatnssveitin.

Guðrún María Valgeirsdóttir, landeigandi í Reykjahlið, segist líta



Ólga hefur verið í Mývatnssveit vegna málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Hverarúgbrauðið sem bakað er í jörð í Bjarnarflagi þykir einkar gómsætt. Deilur hafa staðið um afnot en friður er fram undan að sögn landeiganda.

MYND/AÐSEND

svo á sem friður sé að skapast í málinu. Hún segir að aðilar í atvinnubakstri hafi gengið of langt. Ekki sé verjandi að stefna fólki í stórum stíl á svæði þar sem sé jarðhiti hvað þá selja eitthvað í óleyfi.

„Þeir sem við vissum að væru að baka þarna í óleyfi hafa beðist



Viljum við ekki öll að eignarréttur sé virtur?

Guðrún María Valgeirsdóttir

afsökunar og ég á von á að málið leysist. Þeir töldu sig hafa leyfi til að baka en þeir höfðu ekki leyfi til að selja aðgang, stefna fólki inn á svæðið eða taka á móti fólki í stórum stíl,“ segir Guðrún María, sem vill þó ekki nafngreina brotlega.

Um neikvæð viðbrögð við auglýsingunni segist Guðrún María velta fyrir sér hvort menn telji sig hafa meiri rétt vegna nálægðar svæðisins við þéttbýlið í Reykjahlið.

„En viljum við ekki öll að eignarréttur sé virtur?“ spyr Guðrún María.

Kolbrún Ívarsdóttir hefur lengi bakað brauð í Bjarnarflagi og haft tekjur af. Hún segist hafa fengið leyfi til að stunda baksturinn áfram. Hún vonast til að friður skapist á ný um þann einstæða bakaraofn sem Bjarnarflagið er. ■

Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar

Auglýst er eftir umsóknum um verðlaun úr sjóðnum. Ítarlegri auglýsingu og upplýsingar er að finna á vef menningar- og viðskiptaráðuneytisins www.mvf.is

Umsóknir skulu berast fyrir 1. september 2022

Reykjavík, 16. júní 2022
Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar



Gleðilega hátíð

Á þriðja tug fullorðinna þarf á öryggisgæslu að halda

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL 29 fullorðnir einstaklingar hafa verið dæmdir ósakhæfir eða þurfa á öryggisgæslu að halda. Þetta kemur fram í kortlagningu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins á þörf fyrir öryggisþjónustu í landinu. Auk þess er mat sveitarfélaganna að 14 börn þurfi á öryggisráðstöfun að halda. Öryggisgæsla eða öryggisvistun

hefur verið mikið í umræðunni síðustu ár. Reykjavíkurborg vildi losna við rekstur vistunar í Seljahverfinu og ráðist var á barn við öryggisvistun á Akureyri. Stefnt er að því að koma á fót nýrri öryggisvistun fyrir allt landið í Reykjanesbæ en íbúarnir í hverfinu þar sem hún átti að rísa hafa mótmælt harðlega. Samkvæmt skilgreiningu eru 8 einstaklingar með alvarlegar geðraskanir eða þroskaskerðingar og



Guðmundur Ingi Guðbrandsson tók við málinu af Ásmundi Einari Daðasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hafa annað hvort verið dæmdir ósakhæfir eða talið er að refsing muni ekki bera árangur. 21 einstaklingur hefur ekki verið ákærður eða dæmdur fyrir afbrot, en er talinn hættulegur og þurfa á öryggisvistun að halda. Stefnt er að því að ný öryggisþjónusta ríkisins taki við þeim einstaklingum sem dæmdir hafa verið ósakhæfir. Sveitarfélög geta óskað eftir að koma öðrum sem taldir eru

hættulegir á þá stofnun, en að undangengnu mati og úrskurði dómara og aðeins til 12 mánaða í senn. Samkvæmt stefnu ráðuneytisins í málaflokknum er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun rísi í Reykjanesbæ í nóvember árið 2023. Samfara verður búið til nýtt nám sem nýtist starfsfólki við stofnunina. Kostnaður á árinu 2022 er áætlaður 810 milljónir króna, en kostnaður fyrir tvö næstu ár liggur ekki fyrir. ■

Eldissvæði veittur styttri hvíldartími

ser@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Hvíldartími eldisvæða fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði hefur verið stytur um helming, samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar, úr sex mánuðum í þrjá. Þetta kemur fram í tilkynningu frá stofnuninni í gær, en hún heimilar jafnframt flutning á eldisvæðinu Hlaðseyri á nýtt eldissvæði á Vatneyri. Jafnframt hefur fengist leyfi til að stækka eldissvæði fyrirtekisins á Eyri. ■



Alþingi lauk störfum sínum í gær.

Fundum Alþingis frestað til hausts

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Fundum Alþingis var frestað í gær. Þingið fór seint af stað þennan veturinn vegna haustkosninga og tafa vegna óvissu um kosningaúrslitin. Eiginleg þingsörf hófust ekki fyrr en í byrjun desember en síðan hefur þingið samþykkt 81 lagafrumvarp og 29 þingsályktanir. Ráðherrar svöruðu 249 fyrirspurnum skriflega og 30 munnlega. Þá svöruðu þeir 200 óundirbúnum fyrirspurnum og gáfu Alþingi munnlegar skýrslur 11 sinnum. Þing kemur aftur saman 13. september næstkomandi. ■

Jákvæðni vegna komu flóttamanna

Nærri 80 prósent landsmanna telja Ísland taka við of fáum eða hæfilegum fjölda flóttamanna. Elsti aldurshópurinn sker sig úr í neikvæðri afstöðu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK 40,4 prósent svarenda í nýrri könnun Prósents telja Ísland taka við of fáum flóttamönnum. 37,1 prósent telja Ísland taka við hæfilegum fjölda en 22,4 prósent að of margir flóttamenn fái hæli hér á landi.

Afar mikill munur er á svörum eftir aldri og sker elsti aldurshópurinn, 65 ára eða eldri, sig áberandi frá hinum. 43 prósent elstu svarendanna telja Ísland taka við of mörgum flóttamönnum. Í öllum öðrum aldurshópum er hlutfallið undir 24 prósentum og aðeins 14 prósent í aldurshópnum 25 til 34 ára. Það er einmitt sá aldurshópur sem telur Ísland ekki vera að taka við nógu mörgum. 56 prósent þeirra telja að taka ætti við fleirum.

Munurinn á afstöðu til fjölda flóttamanna er tiltölulega lítill þegar kemur að tekjuhópum og nánast enginn þegar kemur að kynjum. Nokkur munur kemur hins vegar fram þegar litið er til búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu telja 20 prósent að Ísland taki við of mörgum flóttamönnum en 45 of fáum. Á landsbyggðinni eru hlutföllin hnífjörn, 29 prósent.

Mikill munur kemur fram þegar litið er til stjórnmálaskoðana og tveir flokkar skera sig úr í neikvæðri afstöðu gagnvart flóttamönnum. 63 prósent kjósenda Miðflokksins telja Ísland taka við of mörgum flóttamönnum og 55 prósent kjósenda Flokks fólksins.


Rúmur þriðjungur Sjálfstæðismanna, 35 prósent, telja Ísland taka við of mörgum flóttamönnum en



Fyrstu úkraínsku flóttamennirnir komu í byrjun mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Spurt var um afstöðu til þess fjölda sem Ísland veitir hæli



aðeins 19 prósent of fáum. Framsóknarmenn eru sátastir við það magn sem hingað kemur, 58 prósent þeirra telja það hæfilegt en hlutföll Framsóknarmanna sem telja fjöldann of lítinn eða mikinn eru nokkurn veginn jöfn.

16 prósent Sósíalista telja Ísland taka við of mörgum flóttamönnum en hlutfallið er innan við 10 prósent hjá Vinstri grænum, Pírötum, Samfylkingarfólki og Viðreisnarfólki. Um helmingur kjósenda vinstri-flokkanna, Sósíalista og Vinstri grænna, telur Ísland taka við of fáum en um 70 prósent kjósenda frjálslyndu flokkanna, Pírata, Samfylkingarinnar og Viðreisnar.

Könnunin var framkvæmd 2. til 13. júní. Úrtakið var 1.780 og svarhlutfallið 50,1 prósent. ■

» Elsti aldurshópurinn, 65 ára og eldri, hefur áberandi neikvæðasta afstöðu gagnvart flóttamönnum. 43 prósent telur Ísland taka við of mörgum.



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is





blómaval



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Hæ, hó og – jibbí jei!

OPIÐ Í DAG

Opið í dag í Skútuvogi frá kl. 10-17

Gleðilegan þjóðhátíðardag



**Íspinnar
fyrir alla**

í Skútuvogi
í dag frá
kl. 12-16



Reiðhjól og
rafmagnshjól

25%
afsláttur

Garðhúsgögn og
pizzuofnar

25%
afsláttur

Sláttuvélar
og orf

25%
afsláttur

Sumarblóm og
garðplöntur

25%
afsláttur

Athugið, aðrar verslanir Húsasmiðjunnar og Blómavals eru lokaðar í dag



Milljarðamæringurinn Bill Gates hefur ekki mikla trú á rafmyntum eða NFT-myndum.

Bill Gates hæðist að rafmyntum

thorgrimur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Bill Gates er ekki hrifinn af rafmyntum og hefur ekki mikla trú á fjárfestingum í þeim. Í ræðu á málfundi TedCrunch á fimmtudaginn lét hann þau orð falla að viðskipti með rafmyntir og bála-keðjulist (NFT) byggðust alfarið á „meirafílskenningunni“, það er að virði fjárfestinganna byggist eingöngu á því að hægt sé að finna fólk sem er reiðubúið til að greiða herra verð fyrir þau.



Rafmyntageirinn á erfitt vegna verðhruns í bitcoin og öðrum vinsælum rafmyntum.

Gates sagði í kímni að „rándýrar stafrænar myndir af öpum“ myndu vafalaust „bæta heiminn heilmikið“ og vísaði þar til vinsælla, tölvuframleiddra bálkakeðjumynda af öpum sem hafa verið seldar fyrir fúlgur fjár. Apamyndirnar eru dæmi um „óútskiptanleg ták“ (e. Non-Fungible Token) sem eiga að sanna eignarhald á stafrænum eignum.

„Ég er vanur tegundum eigna eins og bóndabýlum sem gefa af sér afurðir eða fyrirtækjum sem framleiða vörur,“ sagði Gates.

Rafmyntafjárfestingageirinn er nú í sárum vegna yfirstandandi verðhruns í bitcoin og öðrum vinsælum rafmyntum. ■



Að sögn Umhverfisstofnunar stafar fólkí ekki hætta af menguninni.

Fluormengun eykst í Hvalfirði

ser@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Styrkur fluors í svifryki jókst á milli ára á loftgæðastöðinni við Kriuvörðu í Hvalfirði samkvæmt nýjum mælingum Umhverfisstofnunarinnar á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

Meðalstyrkur fluors á loftgæðastöðinni, á vaxtartíma gróðurs, mældist yfir mörkum sem sett eru fram í starfsleyfi Norðuráls, en í tilkynningu frá Umhverfisstofnun segir að styrkurinn sé þó innan skilgreindra heilsuverndarmarka og fólkí stafi því ekki hætta af menguninni.

Sérfræðingar stofnunarinnar segja að mælingar í gróðri og yfirborðsvatni utan þynningarsvæðis hafi einnig sýnt hækkuð gildi á fluór, en innan viðmiða. ■

Hátt í hundrað leikskólapláss tapast vegna myglu

lovisa@frettabladid.is

REYKJAVÍK Viða í Reykjavík hafa komið upp mygla eða rakaskemmdir á leikskólum í vetur og í kjölfarið hefur þurft að fara í framkvæmdir. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er alls um að ræða sjö leikskóla þar sem mygla eða rakaskemmdir hafa greinst í vetur. Í kjölfarið hafa tapast um 88 pláss vegna þess.

Þetta kemur fram í svari Skóla- og fristundasviðs til Fréttablaðsins en spurt var um ýmislegt sem tengist innritun og leikskóla í borginni. Í svarinu kemur enn fremur fram að þegar framkvæmdum lýkur verði plássin viða fleiri en áður.


Það á til dæmis við um Kvistaborg þar sem þeim hefur fækkað um 20 vegna viðgerða en plássin verða 40 til 50 við lok framkvæmda. Það sama er að segja um leikskólann Laugasól



Um er að ræða sjö leikskóla þar sem mygla eða rakaskemmdir hafa greinst í vetur. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

þar sem börnum mun fækka um 20 í haust en verða 45 til 60 fleiri þegar framkvæmdum lýkur.

Áðrir leikskólar sem um ræðir eru Vesturborg við Hagamel þar sem þegar hafa tapast 18 pláss, Sunnu-ás við Dyngjuveg þar sem börnum fækkar tímabundið um 30 í haust. Á leikskólunum Ægisborg, Vinagerði og Garðaborg kom líka upp mygla og voru börn flutt tímabundið vegna viðhalds en plássum fækkaði ekki. ■



Ríkisstjórnin er með 209 mál í nefnd

Samtals hafa 209 starfshópar, nefndir eða samráðshópar verið skipaðir til að sinna tímabundnum verkefnum á vegum ráðuneyta ríkisstjórnarinnar. Kostnaður við fjórar nýskipaðar sjávarútvegsnefndir matvælaráðherra er áætlaður allt að 72 milljónir króna.

ggunnars@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra kynnti nýverið að fjórum starfshópum auk samráðsnefndar hefði verið falið að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum.

Tuttugu sérfræðingar skipa starfshópana fjóra og fá samtals 72 milljónir fyrir störf sín næstu tvö árin. Að auki sitja 23 þingmenn og fulltrúar hagsmunasamtaka í sérstakri



Í ráðuneyti heilbrigðismála eru flestu nefndirnar en 31 starfshópur er að störfum fyrir ráðuneytið.

Samráðsnefnd en ekki er gert ráð fyrir að greidd verði laun fyrir þá vinnu.

Þar með eru nefndir sem vinna, eða hafa unnið, ýmis tímabundin verkefni fyrir ríkisstjórnina orðnar 209 talsins. Þá eru ótaldar aðrar hátt í 400 nefndir og ráð á vegum ráðuneyta, sem lúta ekki lögmálum um tilgreindan tímaramma.

Ráðuneyti heilbrigðismála er með flesta starfshópa á sínum snærum, 31 talsins. Þeirra á meðal er starfshópur um aflgæpavæðingu neysluskammta og nefnd um skilvirk þjónustukaup, svo eitthvað sé nefnt.

Næstir á eftir heilbrigðisráðherra koma matvælaráðherra og mennta- og barnamálaráðherra með 26 starfshópa hvor ráðherra. Vinna við endurskoðun á þjónustu í þágu barna er fyrirferðamikil í ráðuneyti Ásmundar Einars Daðasonar á meðan fyrirhugaðar umbætur

í landbúnaði og sjávarútvegi eru frekar til fjörsins í ráðuneyti Svanðis Svavarsdóttur.

Ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála kemur þar fast á eftir með 24 nefndir að störfum.

Eitt ráðuneyti sker sig úr hvað tímabundin verkefni starfshópa varðar. Það er ráðuneyti Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur. Í utanríkisráðuneytinu er engin slík nefnd að störfum, samkvæmt upplýsingum á vef Stjórnarráðsins.

Árið 2000 réðst Ríkisendurskoðun í yfirgripsmikla úttekt á störfum nefnda á vegum hins opinbera og launagreiðslum til nefndarmanna.

Sú vinna leiddi í ljós að mikill misbrestur hafði verið á því hvort verkefnanefndir skiluðu árangri. Jafnframt beindi Ríkisendurskoðun þeim tilmælum til ráðherra að farið yrði yfir starfandi nefndir og skoðað hvort í raun væri þörf á þeim. ■

Leiðtogar stærstu ESB-ríkjanna í Kænugarði

thorgrimur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Leiðtogar þriggja fjölmennustu aðildarríkja Evrópusambandsins: Þýskalands, Frakklands og Ítalíu, komu saman til Kænugarðs til að funda með Volodímír Selenskíj, forseta Úkraínu, og sýna Úkraínumönnum stuðning í gær. Þeir Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, Emmanuel Macron, forseti Frakklands og Mario Draghi, for-

sætisráðherra Ítalíu, ferðudust saman til Kænugarðs með lest frá Póllandi. Þar ávörpuðu þeir blaðamannafund ásamt Selenskíj og Klaus Jóhannis, forseta Rúmeníu.

Meðal þess sem leiðtogarnir ræddu var aðildarumsókn Úkraínu að Evrópusambandinu. Búist er við að leiðtogaráð ESB mæli með því í dag að Úkraína fái formlega stöðu umsækjanda. Macron, Scholz og Draghi lýstu allir yfir stuðningi við



Jóhannis, Draghi, Selenskíj, Macron og Scholz á blaðamannafundi í Kænugarði í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/EPA**

þetta skref í heimsókninni. Macron sagði þetta vera „sterkt, fljótlegt og langþráð teikn um von og skýrleika sem ESB vilji senda Úkraínu.“

Leiðtogarnir heimsóttu jafnframt úthverfisborgina Írpin, sem var hernumin af Rússum við upphaf innrásarinnar en endurheimt af Úkraínumönnum í lok mars. Scholz sagði eyðilegginguna þar vera „táknmynd ótrúlegrar grimmdar rússneska stríðsins.“ ■

KRÓNAN

Hæææ ...
Hó, jibbí jei og
jibbí jei!

Opíð í dag 17. júní í öllum verslunum!

Mmm ...
Hefur þú smakkað
melónu pizzu
með berjum
og rjóma!

ÞAD MÁ
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!

Vatnsmelónur

649 kr.
stk.

(371 kr./kg)



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Biðleikurinn



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Þjóðhátíðardagurinn er runninn upp, dagur sem minnir okkur á að elska, byggja og treysta á landið. Þessi skila-boð eiga ekki alveg upp pallborðið í samtíma sem tortryggir um of gömul og góð gildi og flokkar jafnvel blíða ættjarðar-ást sem hættulega þjóðrembu. En á degi eins og þessum látum við neikvæðni nöldraranna ekki ræna okkur gleðinni. Við erum kannski orðin of gömul til að kaupa blöðrur og ganga í skrúð-göngu en við fögnum í hjartanu. Gleðilegan þjóðhátíðardag!


Þessi dagur, 17. júní, minnir okkur á hina fögru og dýrmætu náttúru landsins. Og þá er nánast óumflýjanlegt að leiða hugann að mikilvægi þess að vernda hana. Sem betur fer á íslensk náttúra öfluga talsmenn, eins og komið hefur í ljós á síðustu dögum þegar grimmar umræður voru á Alþingi vegna rammaáætlunar þar sem fögur svæði voru færð úr verndarflokki í biðflokk. Einn þingmanna Vinstri grænna, Bjarni Jónsson, klökknaði í ræðustól vegna tilhugsunar um að náttúruperlum í sveit hans yrði fórnað fyrir virkjanir. Hann er sannarlega ekki einn um að fyllast sorg vegna þessa. Um allt land er fólk sem tekur sér stöðu með náttúrunni og er tilbúið að berjast af hörku fyrir hana.

Einn stjórnmálaflokkur á Alþingi, Vinstri græn, hefur umfram aðra flokka tengt sig við náttúruvernd. Aðrir flokkar hafa ekki sýnt henni áberandi áhuga. Þess vegna urðu ýmsir hvumsa þegar stjórnarandstaðan þusti upp í ræðustól Alþingis til að lýsa yfir áhuga sínum á því að vernda íslenska náttúru. Þetta voru mjög skyndileg og alls óvænt hamskipti en samt gleðileg. Vonandi eru þau komin til að vera.

Og aftur að Vinstri grænum. Vissulega byggir samstarf ólíkra stjórnmálaflokka á málamiðlun og einhvers konar eftirgjöf, en ætli Vinstri græn að viðhalda trúverðugleika sínum geta þingmenn hans ekki skyndilega horfið af náttúruverndarvaktinni bara vegna þess að þeir eru í samstarfi við Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk. Líklegt er að þingmenn Vinstri grænna, þar á meðal forsætisráðherra landsins, geri sér fulla grein fyrir þessu. Ágætur þingmaður Vinstri grænna, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, sagði á þingi í umræðum um rammaáætlun að hér væri um að ræða biðleik í náttúruvernd. Orð hans benda til þess að þótt Vinstri græn virðist fara sér hægt, sýnist jafnvel vera að taka skref til baka, þá sé um að ræða biðleik. Þau ætli sér að taka slaginn fyrir náttúruna en bíði eftir rétta tímanum. Þá gæti farið að hrikta verulega í ríkisstjórnarsamstarfinu. ■

”
Ætli Vinstri græn að viðhalda trúverðugleika sínum geta þingmenn hans ekki skyndilega horfið af náttúruverndarvaktinni.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Hrollur

Efalítið fer hrollur um margan hægri manninn, að ekki sé talað um galvaskan frjálslyggju-manninn, þegar hann les um það á síðum Fréttablaðsins í dag að ekki eru starfandi færri en 209 nefndir og starfshópar á vegum íslenskrar stjórnýslu um þessar mundir – og virðist bara fara fjölgandi, einmitt í valdatíð þessara sömu hægri manna. Sá óheyrilegi fjöldi nefndarmanna sem fyrir vikið situr og bolla-leggur um vanda samfélagsins er þar af leiðandi í boði báknsins burt, vel launaður og vís með að búa til skýrslu sem fer vel með hinum úttektunum í skúffu ráðherrans.

Milljónir

Og það má einnig lesa um það á síðum Fréttablaðsins í dag að það mun ekki kosta minna en 72 milljónir króna að fá úr því skorið hver minnsti samnefnari sjávarúrvegsnefnda Svandísar Svavarsdóttur verður, en þær eiga sum sé að meta heilbrigði gjafakvótakerfisins. Milljónirnar 72 eru, að sögn ráðuneytismanna, samkvæmt áætlun, en ekkert opinbert orð ætti að klingja fleiri bjöllum en einmitt þau orð: Áætl-aður kostnaður. Og jafn örugglega og hann fer úr böndunum er hitt líklega fastara í hendi að niðurstaða samantektarinnar verði algerlega óbreytt ástand. ■

Gleðilega þjóðhátíð!



Guðni Th.
Jóhannesson
forseti Íslands

Gleðilegan þjóðhátíðardag, kærur landsmenn!

Megi dagurinn verða okkur öllum til gæfu og gleði, sama hvernig viðrar. Við tímamót af þessu tagi er gott að líta um öxl, leita í reynslubanka liðinnar tíðar. Svo er líka gaman að rifja upp merka viðburði. Þannig var talið að fyrir réttum þúsund árum hefði verið gefið út páfabréf um völd erki-biskupsins í Hamborg „yfir öllum norðlægum ríkjum, sem eru Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Ísland og allar eyjar sem að þessum ríkjum liggja“. Síðar fékkst sannað að þetta var eintómt fals kirkjunnar manna.

Hitt vitum við fyrir víst að árið 1022 gerðu íslenskir höfðingjar samning við Ólaf helga Noregs-konung um rétt Íslendinga þar ytra. Þann sáttmála má kalla fyrsta milliríkjasamning Íslendinga og vísi að því að séríslenskt þjóðerni var í mótun þótt tengsl við Noreg, kaþólska kirkju og konungsveld væru áfram afar sterk. Þannig héldust í hendur fullveldi og erlend ítök og samvinna og er það gömul saga og ný.

Fyrir í ár var öllum hömlum vegna heimsfaraldursins aflétt. Í þeim hremmingum stóð þjóðin saman upp til hópa. Almennigur ákvað eftir sínu hyggjuviti að það væri skynsamlegt og rétt, í eigin þágu og heildarinnar. Við sýndum okkar styrk þegar á reyndi. Það ber að lofa. Farsóttinni er ekki lokið. Enn veikist fólk og viðkvæmum hópum er hollt að hafa varann á.

En nú getum við komið saman, fagnað frelsi og sjálfstæði. Það er ekki sjálfgefið í þessum heimi eins og innrás Rússlandshers í Úkraínu sýnir svo skelfilega nú um stundir. Metum þau verðmæti sem við njótum hér á landi. Undanfarið hef ég farið víða, fræðst um sóknarfæri og kynnst kröftugu mannlífi. Ég þakka gestgjöfum um land allt velvild þeirra og hlýhug.

Í dag verður líf og fjör víða um land og á morgun bjóðum við Eliza til opins húss á Bessastöðum, milli klukkan 13 og 16. Verið öll velkomin og aftur til hamingju með daginn! ■

”
En nú getum við komið saman, fagnað frelsi og sjálfstæði. Það er ekki sjálfgefið í þessum heimi.

Laugardaga kl. 10.00

Lífið er lag
Hagsmunir eldri borgara
HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekkta og óþekkta Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Markús Örn Antonsson er næsti gestur hlaðvarpsins.

Staða lýðveldisins

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Það er ekki alltaf sem dagarnir þjóða upp á fyrisögn af þessu tagi, svona ábúðarfulla og virðulega, en þegar tækifærið gefst – eins og á sjálfan þjóðhátíðardaginn – þá ber manni sem pistlahöfundur að vitað skylda til þess að gripa það. Og þá er rétt að spyrja: Á þessum sjötugusta og áttunda afmælisdegi lýðveldisins, hver er staða þess? Hverjar eru áskoranirnar? Hvaða mál þarf að útkljá?

Mýgrútur af úrlausnar- og álitaefnum koma óneitanlega upp í hugann, sem nauðsynlegt er að lýðveldið reyni eftir fremsta megni að leiða til lykta, sem sjálfstæð þjóð á meðal þjóða. Mörg hafa þau sótt á samfélagið æði lengi. Nefna má: Lúpinan, með eða á móti? Ananas á pitsu eða ekki? Hvar ætlum við að halda Júrövisjón? Reykjavíkurflugvöllur. Þorramatur, blessun eða böll? Sem minnir mig á: Þissum við raunverulega á hákarla eða er það bara eitthvað sem við segjum útlendingum? Bláa lónið. Hversu dýr getur aðgangurinn orðið? Trúum við á álfa eða ekki? Verðtryggt eða óverðtryggt? Ræðið. Án niðurstöðu. Hraðahindranir. Hver ákveður hæðina á þeim? Eru jólasveinarnir þrettán eða einn og átta? Tófan. Vargur eða vinur? Sauðkindin. Vargur eða vinur? „Gamli isinn“ eða „nýi isinn“. Man fólk almennt hvort er hvað? Lausanganga katta.

Þetta er vitaskuld einungis toppurinn á isjakanum. Halda má lengi áfram að telja upp þau mál sem helst eru sigurstrangle til að hleypa upp heitum pottum sundlauganna. Að vera í samfélagi, að eiga og reka saman heilt lýðveldi hlýtur að kalla á alls konar árekstra, deildar meiningar í stóru sem smáu um flest milli himins og jarðar. Áfengi í búðir? RÚV á auglýsingamarkaði? Hvalveiðar? Borgarlína? Sykurskattur?

Ef ég ætti að nefna þau mál sem ég held að verði á komandi árum mest knýjandi fyrir þessa þjóð og kalli á mesta naflaskoðun og skoðanaskipti, myndi ég velja þrjú. Eitt af þeim er löngu orðið þjóðarsport sem deilumál en hin eru lúmskari, en ekki síður margslungin og krefjandi. Þau tengjast innbyrðis og leiða öll af hinu fyrsta:

Loftslagið hlýnar. Það er löngu ljóst að hamfarahlýnun er ekki fjarlægur möguleiki eða eitthvað sem einungis þarf að hafa áhyggjur af eftir hundrað ár. Hún er orðin. Nú þegar er orðið svo heitt að jafnaði í Evrópu á sumrin að maður sneiðir hjá heimsóknum þangað á þeim árstíma, enda lítt freistandi að verja sumarleyfi í skógareldum eða í móki út af vökvaskorti. Þetta hefur gerst á nokkrum árum en er engin tilviljun. Öllu hefur verið spáð. Indland stíknar. Vötn hverfa. Jöklar bráðna. Veruleiki loftslagsbreytinga mun hafa í för með sér breytta heimsmynd fyrir lýðveldið Ísland. Það er ekki ólíklegt að vegna hnattstöðunnar verði mun eftirsóttara að búa hér en áður. Ferðamenn streyma til landsins. Næst mun fólk koma til að búa. Og hvað ætlum við að gera í því?

Vonandi munum við axla ábyrgð. Að því gefnu að Golfstraumurinn bregðist ekki, sem er viss forsenda blómlegrar byggðar, er líklegt að spurningin sem blasi við þjóðinni innan ekki svo langs

tíma verði sú, hvort Íslandi leyfist að vera áfram „litla Ísland“, með allt sitt fámenni á fermetra, höfða-töluheimsmet og veðurbarða eyjaskeggjasérvisku, eða þurfum við að vaxa úr grasi og verða ein af þessum þjóðum sem telur kannski milljónir?

Þetta er ekki út úr korti. Sem leiðir að næsta máli. Orkan okkar er að verða búin. Hér meina ég ekki að fólk sé almennt úrvinda eftir Covid eða þreytt á ríkisstjórninni,

heldur hið bókstaflega: Orkuauðlindirnar sem áður voru taldar á einhvern óútskýrðan hátt nánast botnlausar, eru næstum á þrotum. Fólksfjölgun og orkuskipti, með margfaldri þörf fyrir endurnýjanlega orku, munu leiða til einhverra stærstu áskorana sem lýðveldið hefur tekist á við. Það mun þurfa að keyra samfélagið, atvinnulífið, heimilin, skólana, einhvern veginn áfram. Til þess þarf orku.

Sem vekur hið þriðja. Í breytttri

veröld þarf hin íslenska þjóð að bindast mun nánari samstarfsböndum við þær nágrannaþjóðir sem deila með henni gildum og viðureignum. Þjóðin mun ekki axla nýja og aukna pressu, glíma við nýjan vanda, ein og sér. Sameiginleg vandamál kalla á samvinnu þjóða, í sameiginlegri viðspyrnu gegn umhverfisvám og einræðisógnum og í sameiginlegri leit að lausnum. Eins og veröldin þróast verður æ erfiðara að rétt-

læta að Ísland sé ekki í Evrópusambandinu, sem fullvaxta þátttakandi í umbyltingum samtímans, en ekki bara þiggiandi á kantinum.

Hver er þá staða lýðveldisins nú um stundir? Jú, líklega þokkaleg, þótt deilt sé um hitt og þetta. Tíðarandinn hvíslar þó skýrt í eyra: Tímamótin sem við lifum eru ábyggilega stærri og magnaðri en við getum séð eða skynjað akkúrat núna. Við munum sjá það seinna, þegar við litum til baka. ■



Glæpur



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Opið bréf til Stefáns Jónssonar fréttamanns, sem fulltrúa þeirra sem gættu þess að Ríkisútvarpið ætti erindi til þjóðarinnar.

Stefán Jónsson, ég reikna með því að þú sért svolítið hissa á því að ég skuli skrifa þér bréf, löngu dauðum manningum, en mér finnst einfaldlega að málefnið eigi ekki bara erindi mín megin grafar heldur þín megin líka. Málefnið lýtur að Ríkisútvarpinu sem gerir það að verkum að í mínum huga er það fyrst og fremst þitt mál og síðan okkar hinna. Og svo hitt að þegar ég fór að velta því fyrir mér hverjum meðal núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins ég ætti að senda þetta erindi komst ég að þeirri niðurstöðu að þótt þú hafir verið grafinn árið 1990 sé með þér töluvert meira lífsmark en með útvarpsstjóra og hans nánustu samstarfsmönnum.

Tónskáldið Stravinsky flúði til Bandaríkjanna úr alls konar óróa í Evrópu árið 1939 og þótti dvölin þar nokkuð góð. Hann reyndi meðal annars að sýna þakklæti sitt fyrir góðar móttökur í nýja landinu með því að útsetja þjóðsöng Bandaríkjanna á nýstárlegan máta. Þegar

útsetningin var flutt í Boston 15. apríl 1940 var hann handtekinn fyrir brot á lögum um þjóðsönginn. Hann ferðaðist síðan með útsetninguna víða um Bandaríkin og var alls staðar heldur illa tekið.

Tuttugu og níu árum síðar flutti Jimmy Hendrix þjóðsöng Bandaríkjanna á sinn eftirminnilega hátt á Woodstock fyrir framan nokkur hundruð þúsund ungmenni sem öll voru í uppreisn gegn samfélaginu. Það er nokkuð víst að ekkert þeirra vildi hafa nokkurn skapaðan hlut að gera með þjóðsöng þess samfélags sem þau voru öllum stundum að mótmæla. Hendrix tókst samt að gera lagið um stjörnum prýdda fánann að þeirra þjóðsöngi með nýstárlegri og krafmikilli útsetningu sem átti erindi við sinn tíma. Það var listrænt afrek. Síðan þá hafa menn deilt um það hvort útsetning Hendrix hafi verið sérstök ádeila á stríðið í Vietnam og sumir haldið því jafnvel fram að helstu gítarrokurnar hafi átt að tákna sprengjur sem var varpað á saklaust fólk.

Það var svo um daginn að ég það Þorstein Einarsson gítarleikara og Eyþór Gunnarsson píanista að spila íslenska þjóðsönginn á þann máta að hann ætti erindi inn í þau augnablik sem eru að líða akkúrat núna. Þeir fóru létt með það og tóku upp magnaða útgáfu sem er full af tilbrigðum sem verða einungis túlkud sem gagnrýni á afskiptaleyzi íslensks samfélags gagnvart næstum öllu sem skiptir máli, kjörum þeirra sem minnst mega sín, barnafátækt,



græðgi þeirra sem mest eiga og takmarkalausum yfirgangi útgerðarglæponanna.

Ekki fór á milli mála að það var skylda mín að koma flutningi tvímenninganna á framfæri og ég hringdi í Stefán nafna þinn Eiríks-son útvarpsstjóra og lagði til að hann léti spila þetta sem síðasta lag fyrir fréttir á 17. júní. Ég sendi honum upptökuna og hann sagðist ætla að skoða málið. Skömmu síðar fékk ég frá honum eftirfarandi smáskilaboð:

„Stöldrum strax við 3. gr. Laga um þjóðsönginn, þar sem segir að hann skuli ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Setur okkur augljóslega skorður. Bkv. SE“.

Stefán Jónson, ef ég man það rétt, tókst þú einu sinni upp samtal við okurlánara nokkurn með mikrófón vafinn inn í sárabindi, þóttist vera með brotinn fingur. Því sam-

tali var síðan útvarpað með fullum stuðningi Ríkisútvarpsins. Þú varst að visu dreginn fyrir einhvers konar dóm fyrir vikið en þetta þótti síður en svo ljóður á þínu ráði. Sagan átti erindi til fólksins í landinu. Nú er öldin önnur enda stjórnvöld búin að brjóta Ríkisútvarpið niður að innan með því að fela stjórn stofnunarinnar fólki sem lítur á hana sem vandamál þeirra sem vilja græða peninga á fjölmiðlum, frekar en þann samnefnara þjóðarinnar sem hún var um áratugi. Þess vegna verður þjóðin að hlusta á þessa snilldarútsetningu á þjóðsöngnum alls staðar annars staðar en í Ríkisútvarpinu, eins og YouTube og á einkareknum útvarps- og sjónvarpsstöðum. Ég reikna með því að þú skiljir að með því erum við ekki að halda fram hjá Ríkisútvarpinu vegna þess að maður getur ekki haldið fram hjá þeim sem vill mann ekki.

En síðan hitt, það er engin spurn-

ing að Þorsteinn og Eyþór brutu lög og eru þess vegna glæpamenn. Það sem meira er, ég get borið vitni um að þeir iðrast einskis. Hið eina sem á eftir að gera er að ákveða refsinguna en eitt er víst að það kemur ekki til greina að láta mennina ganga lausa og fremja alls konar ólöglega tónlistargjörninga. Ég hvet þá sem ákveða refsinguna að hafa eftirfarandi í huga: Búið er að sýna fram á að það eru sterk tengsl milli sköpunargáfu og geðveiki. Félagarnir tveir, Þorsteinn og Eyþór, eru snillingar að springa úr sköpunarmætti og eiga þess vegna ekki heima á Litla Hrauni heldur á réttargeðdeild. ■

Greinin birtist einnig á vef Fréttablaðsins og þar er hægt að horfa á myndband og hlusta á útgáfu þeirra Þorsteins og Eyþórs af þjóðsöngnum.



Til hamingju Alvotech með skráningu á Nasdaq New York!

Við óskum starfsfólki og hluthöfum Alvotech innilega til hamingju með skráningu hlutabréfa félagsins á Nasdaq hlutabréfamarkaðinn í New York í gær.


Á næstu dögum verður öðrum áfanga náð með samhliða skráningu félagsins á Nasdaq First North markaðinn á Íslandi.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Arion banka og Arctica Finance voru meðal ráðgjafa Alvotech við hlutafjárukningu í aðdraganda skráningar.



Með þér á þjóðhátíðar daginn

Opið í dag eins
og venjulega*



BÓNUS

*Lokað í Kringlunni á 17. júní

Allt annað en auðvelt verkefni fyrir Víkinga

Í fyrsta sinn í sögunni verður forkeppni um sæti í undankeppni Meistaradeildar Evrópu haldin á Íslandi. Fjögur lið taka þátt, þar á meðal Víkingur Reykjavík sem er einnig gestgjafi forkeppninnar. Allir leikir hennar fara fram á heimavelli þeirra í Víkinni í næstu viku.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Víkingar eru brattir fyrir komandi Evrópuleik gegn Levadia Tallin frá Eistlandi í Víkinni næstkomandi þriðjudag. Liðin mætast í undanúrslitum forkeppninnar um sæti í fyrstu umferð undankeppni Meistaradeildar Evrópu. Í hinum undanúrslitaleiknum mætast La Fiorita frá San Marínó og Inter Club d'Escaldes frá Andorra. Sá leikur, sem og úrslitaleikurinn, fara fram í Víkinni.

„Við erum mjög spenntir. Það er ekki á hverjum degi sem það eru Evrópuleikir í Víkinni. Það er líka gríðarleg ábyrgð á okkur að gera þetta eins og menn út af núverandi stöðu íslenskra liða í Evrópu. Við þurfum að fá þetta sæti til baka,“ sagði Arnar Gunnlaugsson, þjálfari Íslands- og bikarmeistara Víkings, aðspurður út í komandi leik gegn Levadia. Ísland missti eitt sæti í Evrópukeppni frá og með síðustu leiktíð vegna slakrar frammistöðu íslenskra félagsliða í Evrópuleikjum undanfarin ár.

Arnar hrósaði Breiðabliki sem komst í þriðju umferð forkeppni Sambandsdeildarinnar í fyrra. Hann vonast til að íslensku liðin sem taka þátt í Evrópukeppnum í ár, Breiðablik, KR og Víkingur, geti gert það sama. „Blikarnir gerðu þetta hrikalega vel í fyrra og þeir þurfa að halda því áfram í ár, KR líka og við, gera okkar allra besta til að endurheimta þetta sæti því það er svo ótrúlega mikilvægt fyrir íslenskan fótbolta.“

Fyrirverandi Víkingur býður

Það var kastað upp á það hvert af liðunum fjórum fengi að halda umspilið fyrir forkeppni Meistaradeildarinnar. Víkingur vann það og heldur mótið. „Það var mikil gleði þegar við unnum þetta hlutkesti, að fá loksins Evrópuleiki í Víkinni. Við vorum þarna 2020 en þá var náttúrulega bara einn leikur, erlendis, í Slóveníu,“ segir Arnar.



Arnar Gunnlaugsson er þjálfari Íslands- og bikarmeistara Víkings Reykjavíkur sem reyna nú fyrir sér í Evrópu.



Þetta er allt annar fótbolti en við fáum að venjast hér heima. Öll smáatriði þurfa að vera 100 prósent á hreinu.

Arnar býst við krefjandi Evrópuverkefni fram undan. Hann bendir á að Flora Tallin, sem leikur í sömu deild og Levadia, hafi komist í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar í fyrra en þó ekki tekist að skáka Levadia heima fyrir. „Þetta er allt annar fótbolti en við fáum að venjast hér heima. Öll smáatriði þurfa að vera 100 prósent á hreinu. Og við erum að mæta liði sem er sterkt. Flora Tallin komst í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar í fyrra og

þeir unnu ekki einu sinni deildina, heldur þetta lið. Þannig að þetta eru tvö langbestu liðin í Eistlandi. Þetta verður hörkuleikur.“

Víkingur hefði getað fengið auðveldari andstæðing en Levadia í undanúrslitum umspilsins. Arnar kveðst þó sáttur með dráttinn. „Við erum sigurstranglegust, þessi tvö lið. Og það er fínt að fá hann bara á undan. Án þess að vera í einhverju vanmati myndi maður fyrir fram halda að Víkingur og Levadia séu bestu liðin af þessum fjórum.“

Fari Víkingur alla leið í forkeppnina verða andstæðingarnir Svíþjóðarmeistarar Malmö. Þar er við stjórnvölinn Milos Milojevic, fyrirverandi þjálfari Víkinga. „Leiðin fyrir okkur er bara hrikalega spennandi. Að vinna þetta litla mót og fá svo Malmö, sem er náttúrulega bara skrifað í skýin, fyrst að Milos er að þjálf þarna. Svo er þetta bara áfram spennandi eftir það. En í fyrsta lagi þurfum við náttúrulega bara að vera með fókus á þriðjudaginn,“ sagði Arnar um þá leið sem Víkingar gætu farið í Evrópu þetta tímabilið.

Hann fór nánar út í hugsanlega viðureign gegn Malmö. „Þetta er alveg tveggjað sverð í þessari Evrópukeppni. Þú vilt fá mótherja

sem þú átt möguleika í og allt svoléiðis en svo er það hitt, að fá stórt lið, sérstaklega frá Skandinavíu. Þú ert kominn í forkeppni Meistaradeildarinnar, þú átt ekkert rétt á að fá einhvern léttan mótherja í því. Fyrst við erum að fá mjög sterkan mótherja er frábært að fá þetta lið.“

Spennan að magnast

Áður en Víkingar geta farið að sjá fyrir sér rómantíska endurkomu Milosar í Víkina þarf liðið að leggja Levadia að velli á þriðjudag, ásamt því að sigr úrslitaleikinn gegn La Fiorita eða Inter Club d'Escaldes. Arnar telur að leikurinn gegn Levadia verði jafn. „Heimavöllurinn mun væntanlega hjálpa okkur, vonandi. Vonandi verður bara fjölmenni og stemning á þeim leik. En þetta er bara 50/50 leikur.“

Arnar og hans teymi hafa horft á töluverðan fjölda leikja með Levadia. Hann segir liðið með yfirburði gegn öllum liðum eistnesku deildarinnar nema grönnum sínum í Flora. „Þessi deild er ekki sterk. Við erum búnir að horfa á nokkra leiki og suma er bara tilgangslaus að horfa á, það eru svo miklir yfirburðir. En leikirnir á milli Flora Tallin og Levadia eru hörkuleikir.



Þú kemst upp með mistök í Bestu deildinni, inn á milli. En í Evrópukeppninni: mistök og þú ert úr leik.

Levadia vann deildina en Flora var í riðlakeppni í Sambandsdeildinni. Ég held að fólk átti sig ekki alveg á hversu mikið afrek það er. Þannig að það er ekkert vanmat eða neitt þannig í gangi hjá okkur. Þú kemst upp með mistök í Bestu deildinni, inn á milli. En í Evrópukeppninni: mistök og þú ert úr leik.“ Hann bætti svo við að Víkingar væru komnir með nokkuð góða mynd af því hverjir styrkleikar og veikleikar Levadia væru.

Eftir smá bras í upphafi tímabils hafa Víkingar nú unnið síðustu þrjá leiki í Bestu deildinni. Liðið er í öðru sæti deildarinnar með 19 stig, fimm stigum á eftir toppliði Breiðabliks, sem hefur þó spilað tveimur leikjum minna. „Það er búinn að vera ágætis stígandi. Reyndar var leikurinn gegn ÍBV (í síðustu umferð) mjög erfiður. 3-0 gaf engan veginn rétta mynd af leiknum og markmaðurinn okkar var maður leiksins. ÍBV var mjög erfiður andstæðingur. En frammistöðulega séð, í sumar, erum við búnir að vera nokkuð sterkir en við höfum átt í vandræðum með að tengja saman sigr. Nú erum við komnir með þrjá í röð, fjóra með bikar. Menn finna það alveg, það gerðist í fyrra þegar við fórum að tengja saman sigr, að þá er þetta helvíti góður sjúkdómur að eiga við. Þetta er vani sem þú vilt halda áfram en þú mátt ekki taka honum sem sjálfsögðum hlut. Það er mjög mikill spennningur í klúbbnum fyrir þessum leik,“ sagði Arnar að lokum. ■

Spennandi verkefni fyrir Víkinga að eiga við og skipuleggja

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Haraldur V. Haraldsson, framkvæmdastjóri Víkings Reykjavíkur, segir það tiltölulega stórt verkefni fyrir félagið að halda forkeppni Meistaradeildar Evrópu á Víkingsvelli.

„Hingað eru að koma þrjú erlend félagslið og mikill mannskapur þar af leiðandi. Ætli það séu ekki um 450 gistinætur tengdar öllu þessu fólki, svo þarf að koma í kring flutningsmáta á liðunum hér innan höfuðborgarsvæðisins þannig að þetta hefur verið smá púsluspil fyrir okkur.“

Von er á knattspyrnufélögunum Levadia Tallinn frá Eistlandi, Inter Club d'Escaldes frá Andorra og La Fiorita frá San Marínó til Reykjavíkur á næstu dögum.

„Okkar verkefni verður síðan að aðstoða þessi lið eins og þurfa þykir. Þar erum við að tala um aðstöðu til æfinga og annað sem þarf allt að vera eftir reglugerðum Evrópska



Ekki hægt að líta fram hjá því að þetta er stórt fyrir félag eins og Viking.

knattspyrnusambandsins (UEFA).“

Haraldur segir þurfa töluvert skipulag í kringum forkeppni á borð við þessa. „En bara fyrst og fremst spennandi og skemmtilegt verkefni fyrir okkur þrátt fyrir að við hefðum viljað vera lausir við að taka þátt í undankeppninni.“

Þátttaka Víkings í forkeppni Meistaradeildar Evrópu er ekki tilkomin af góðu. Slakur árangur íslenskra félagsliða í Evrópukeppnum undanfarin ár hefur orðið til þess að Ísland hefur misst sæti sitt



Stuðningsmenn Víkings Reykjavíkur munu þenja raddböndin í næstu viku.

í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu og því þarf fulltrúi landsins að hefja leik í forkeppni Meistaradeildarinnar.

„Það væri betra að vera ekki í

þessum ruslflokki en hins vegar er ekki hægt að líta fram hjá því að þetta er stórt fyrir félag eins og Viking, að taka þátt í Meistaradeild Evrópu og fá þá keppni heim. Það

mun klárlega styrkja stöðu okkar.

Við sleppum við að vera með sirka þrjátíu manna hóp úti í viku og allan kostnað sem fylgir því. Þannig að það fylgir því ákveðinn sparnaður að hafa unnið þetta hlutkesti og fengið traust til þess að halda forkeppnina.“

Umgjörðin í kringum leikina í næstu viku verði líkt og stuðningsmenn Víkings þekkja. „Við verðum með dæmigerða heimaleikja umgjörð hjá okkur, umgjörð sem er góð og hefur reynst vel. Það sem hins vegar breytist í þessum leikjum er að við megum bara selja í sæti í stúkunni. Fólk getur ekki staðið við hlið vallarins þannig að það er takmarkaður fjöldi sem mun komast á völlinn.“

Haraldur segir stemmninguna fyrir keppninni góða í Víkinni. „Félagsmenn og hverfisbúar eru mjög spenntir fyrir þessu, við finnum fyrir því. Þetta gæti orðið upphafið að ákveðnu Evrópuævintýri hjá okkur.“ ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 17. júní 2022

KYNNINGARBLAÐ



Glæsilegur handteiknaður víkinga-skjöldur eftir Harðardóttir.art.

Valkyrja og víkingar á hátíð


thordisg@frettabladid.is

Víkingafélagið Rimmugýgur stendur fyrir Víkingahátíð á Viðistaðatúni dagana 15. til 19. júní. Víkingahátíðin hefur verið haldin í Hafnarfirði í hartnær tvo áratugi en fyrsta hátíðin fór fram á Viðistaðatúni 1995.

Víkingahátíðin hefur alltaf trekt að enda ótal margt skemmtilegt að sjá og upplifa, í félagi við víkinga sem setja mikinn svip á hátíðina. Þar má nefna spennandi bardagasýningar, leikjasýningar, bogfimi, tónlist, víkingaskóla barna og opinn markað með glæsilegu handverki.

Einstök víkingalist

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá ægifagran víkingaskjöld eftir Írisi Elnu Harðardóttur sem er sannkölluð valkyrja og býr til víkinga- og rúnalist sem hefur heillað sérfræðinga um allan heim. Skjöldurinn er til skrauts en ekki bardaga. Teikningar Írisar (Harðardóttir.art) eru hennar eigið sköpunarverk sem hún teiknar frihendis. Hún er sjálfmenntuð og notar enga tækni, tölvur, stensla eða hjálpartæki, heldur einungis blýanta og strokledur, og reynir að fylgja öllum reglum og hefðum víkingalistar á Norðurlöndunum frá árunum 750 til 1125. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

„Ég hef því reynt að temja mér það að vera til staðar fyrir yngri leikmenn,“ segir Sif Atladóttir, landsliðskona og leikmaður Selfoss.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ætlar að gera sitt besta fyrir landsliðið

Sif Atladóttir er einn af reynsluboltum landsliðsins í fótbolta sem hefur leik á EM í næsta mánuði. Hún segir vinnusemi, þrautseigju, réttlætiskennd og stórt hjarta lýsa sér vel. **2**

Sif Atladóttir, landsliðsmiðvörður í fótbolta, sneri heim á síðasta ári eftir tólf ár í atvinnumennsku í Svíþjóð þar sem hún afrekaði meðal annars að vera leikjahæsti Íslendingurinn í sögu sænsku úrvals-deildarinnar. Hún og eiginmaður hennar, Björn Sigurbjörnsson, eru búsett á Selfossi ásamt tveimur börnum sínum en Sif leikur með Selfossi í Bestu deild kvenna.

Sif verður einn af burðarás-unum í íslenska landsliðinu sem tekur þátt í EM í Englandi í næsta mánuði en fyrsti leikurinn er 10. júlí gegn Belgíu. „Þetta verða mjög erfiðir leikir. Kvinnaboltinn í Belgíu og Ítalíu hefur tekið miklum framförum á síðustu árum. Ítalska deildin er atvinnumannadeild og leikmenn Belgíu spila margar í löndunum í kring sem segir til um gæði leikmannanna. Frakkland þekkjum við vel og er eitt af bestu landsliðum heims.“

Hún segir stemninguna vera góða í landsliðshópnum. Þessa dagana eru leikmenn að klára síðustu leiki fyrir EM gluggann og hópurinn mun hittast í næstu viku. „Persónulega ætla ég að gera mitt til að hjálpa liðinu í því hlutverki sem mér verður úthlutað. Sem eldri leikmaður þá er það á okkur að gefa af okkur til þeirra yngri hvað varðar reynslu á svona mótum. Við erum með margar stelpur sem eru að stiga sín fyrstu skref á stórmóti. Því vil ég hjálpa þeim eins vel og ég get því ég hef trú á því að þessi kynslóð muni halda áfram á þeirri vegferð sem við höfum verið í síðastliðin ár.“

Á gott bakland

Pabbi Sifjar, Atli Eðvaldsson, var einnig atvinnumaður í fótbolta, landsliðsmaður og seinna farsæll þjálfari. Hann hafði mikil áhrif á hana eins og reyndar fleiri fjölskyldumeðlimir. „Þegar kemur að íþróttum hef ég verið ótrúlega heppin með stuðning frá foreldrum mínum, systkinum, eiginmanni og tengdafjölskyldu. Þetta hefur verið lykill að góðum ferli og pabbi var eitt akkeri þar. Ég, eins og fleiri afreksíþróttamenn, er mjög sjálfsgagnrýnin og átti oft erfitt með að sjá það jákvæða í leiknum hjá mér þegar leikir töpuðust. Þá var alltaf tekið spjall þar sem hann spurði hvað ég gerði vel og hvað væri hægt að læra af þessum leik. Þetta voru alltaf jákvæðar og uppbyggjandi samræður. Þótt pabbi sé ekki lengur hér þá hef ég samt þetta akkeri í Bjössa og fólkinu mínu, sem er ómetanlegt.“

Hún segir pabba sinn alltaf talað um mikilvægi þess að hugsa vel um yngri leikmenn liðsins. „Ef það er stanslaus yfirgangur gagnvart yngri leikmönnum, bara af því að þeir eru yngri, hvers vegna ættu þeir að senda á þig þegar þú ert í færi fyrir framan markið eða hlusta á þig þegar þú segir eitthvað inni á vellinum? Ég hef því reynt að temja mér það að vera til staðar fyrir yngri leikmenn. Það er erfitt að koma því í orð hvaða áhrif pabbi hafði á mig sem leikmenn en ég held að við séum líkir karakterar sem leikmenn. Vinnusemi, þrautseigja, réttlætiskennd og stórt hjarta lýsir okkur nokkuð vel.“

Hefur ríka réttlætiskennd

Utan fótboltans segist Sif fyrst og fremst vera mikil fjölskyldumanneskja. „Að stunda afreksíþróttir er alls ekki fjölskylduvæn atvinna þar sem ég þarf stanslaust að hugsa um hvíld, mat og endurheimt til að geta verið í toppformi þegar kemur að æfingum og leikjum. Því nýti ég tíma minn með Bjössa og börnunum og oft erum við bara í rólegheitum heima, þar sem



Atli Eðvaldsson (t.v.), faðir Sifjar, bjó hjá Sif og Birni í Svíþjóð 2017-2018.



Sólveig ásamt Steinunni Guðnadóttur, ömmu sinni og móður Sifjar, þegar þær skruppu til Íslands 2019.

Þegar það kemur að íþróttum þá hef ég verið ótrúlega heppin með stuðning frá foreldrum mínum, systkinum, eiginmanni og tengdafjölskyldu.

möguleikinn á hvíld fyrir mig er fyrir hendi. Þar sem við hjónin erum bæði á fullu í boltanum þá hefur það verið ómetanlegt að eiga fjölskyldurnar okkar að, sem hafa skilning á tímaplani okkar og hafa boðið börnunum okkar með í allskonar ævintýri. Ég get alveg sagt að ég hlakka til að njóta lífsins með þeim fyrir utan fótboltann þegar þar að kemur.“

Henni finnst einnig gaman að biómyndum og þáttum, tónlist og að hittast í góðra vína hópi. „Ég er mikil alæta þegar kemur að sjónvarpi, en uppáhalds þættirnir mínir eru RuPauls Drag

Race. Einnig finnst mér gaman að ferðast. Starfsins vegna hef ég komið víða en séð meira af hótelum og fótboltavöllum þannig að ég hlakka til að geta verið hefðbundinn túristi. Svo finnst mér gaman að lesa og detta í góða bók. Ég er mikil réttlætismanneskja og reyni að finna bækur sem gefa mér annað sjónarhorn en mitt eigið.“

Er mikil dellukona

Hún segist oft velta fyrir sér hver hún sé utan fótboltans því boltinn sé búinn að vera svo stór hluti af henni í svo langan tíma. „Ég á enn þá erfitt með að aðskilja fótboltann frá Sif. Ég held að margt íþróttafólk geti alveg tengt við þetta, því við erum svo mikið skilgreind út frá íþróttinni okkar.“

Sif er mikil dellukona að eigin sögn og segist hella sér í þá hluti sem hún fær áhuga á. „Það varir samt ekki að eilífu og þegar ég finn eitthvað annað þá tekur það yfir. Ég heyrði frá framhaldsskólakennaranum mínum á sínum tíma að ég væri hálfgerð fiðrildi og flaug svolítið þangað sem vindurinn tekur mig. Mér fannst þetta fárán-



Sif með dótturina Sólveigu sem þarna var tveggja ára gömul.



Björn, ásamt börnum þeirra, í október 2020.



Björn og Sólveig dóttir þeirra í Danmörku árið 2018.

verja meiri tíma með fjölskyldu og vinum.“

Sif lauk BS námi í lýðheilsufræðum frá háskólanum í Kristianstad meðan hún spilaði þar og hóf síðan meistaranám í íþróttavísindum við Linnéháskólan í Kalmar/Växjö. „Ég tók ákvörðun að fara í nám þegar ég varð ólétt af stelpunni minni haustið 2014 því ég áttaði mig á því að ég þyrfti að skipuleggja lífið mitt eftir fótboltann. Menntunin mín hefur ýtt undir áhuga minn á íþróttahreyfingunni og mikilvægi þess að haldast inni í fótboltanum með mína reynslu.“

Spennandi verkefni

Eftir komuna heim hóf hún störf hjá Leikmannasamtökum Íslands sem hún segir mjög spennandi verkefni. „Eins og staðan er í dag er Ísland langt á eftir hvað varðar mál leikmanna hér á landi miðað við aðrar þjóðir. Leikmannasamtök Íslands hafa mest verið að aðstoða leikmenn við samningamál, allt frá að semja fyrir leikmenn og að sækja fjárhagslegan rétt leikmanna þegar brotið hefur verið á samningi við leikmenn. Við viljum einnig hjálpa leikmönnum með ýmsa aðra hluti í framtíðinni. Ég vil klárlega halda mér inni í íþróttunum á einhvern hátt og sé mig alveg fara inn í Knattspyrnusambandið á einhverjum tímamarki. Hver veit, kannski enda ég bara sem formaður einn daginn.“ ■

Öflugir mjólkursýrugerlar fyrir alla fjölskylduna

Þarmaflóran spilar lykilhlutverk í lífi okkar og heilsu og hefur mikið að segja um heilsufar okkar frá fæðingu til eldri ára, jafnt líkamlega sem og andlega.

Í meltingarveginum lifa trilljónir baktería og eru flestar þeirra staðsettar í ristlinum. Þessar bakteríur köllum við þarmaflóru en þær sinna ýmsum afar mikilvægum hlutverkum í líkama okkar. Öflug þarmaflóra er forsenda heilbrigðrar starfsemi meltingarfæranna ásamt því að hafa góð áhrif á ónæmis-, tauga- og hormónakerfið. Þarmaflóran ver okkur jafnframt gegn óæskilegum örverum og sýklum og hefur margs konar jákvæð áhrif á heilsu okkar almennt.

Til þess að viðhalda öflugri flóru er mikilvægt að tileinka sér hollt og gott mataræði ásamt því að innbyrða reglulega mjólkursýrugerla í formi bætiefna.

Vöndum valið

Mjólkursýrugerlar eru hluti af örliðverum þarmanna en þeir eru eins ólíkir og þeir eru margir og með mismunandi virkni. Mjólkursýrugerla má ýmist finna í fæðu og meltingarvegi mannsins, en þeir hafa heilsuefandi áhrif á líkamann með því eða efla meltingu og frásog næringarefna.

Þegar velja á mjólkursýrugerla til inntöku er ekki úr vegi að skoða magn gerla sem hvert hylki inniheldur sem og virkni og eru því gerlarnir frá Probi AB kjörin viðbót en þeir innihalda 10 milljarða lifandi mjólkursýrugerla í hverju hylki.

Einkaleyfisvarðir mjólkursýrugerlar

Sænska fyrirtækið Probi AB var stofnað fyrir 30 árum síðan í kringum merkilega uppgötvun á mjólkursýrugerlinum *Lactobacillus plantarum* 299v. Gerillinn sýndi sig að vera sérlega harðger og hefur eiginleika til að fjölga sér í meltingarvegi og styrkja þar með varnir okkar og draga úr óþægindum tengdum maga og meltingu.

Probi AB er í dag leiðandi á heimsvísu í rannsóknum á mjólkursýrugerlum og með



Þorbjörg Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti, mælir með Probi-vörum fyrir heilbrigða meltingu.


MYND/ADSEND

alheimseinkaleyfi á LP299V gerlinum, ásamt því að vera þeir einu sem eru með gerilinn í vörum sínum á Íslandi. Probi vörurnar eru fjórar talsins og eiga þær allar sameiginlegt að hafa jákvæð áhrif á þarmaflórana og koma í veg fyrir meltingaróþægindi. Því má segja að allir í fjölskyldunni geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Probi mjólkursýrugerlar

Probi Family inniheldur sérvalda samsetningu af tveimur einkaleyfisvörðum gerlum, *Lactobacillus plantarum* HEAL9 og *Lactobacillus paracasei* 8799:2 ásamt fólasi, D-vítamín og B12-vítamín sem styður við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Probi Family eru bragðgóðar tuggutöflur sem henta allri fjölskyldunni frá þriggja ára aldri.

Probi Mage inniheldur gerilinn *Lactobacillus plantarum* 299v sem hefur eiginleika til að fjölga sér í meltingarvegi og hefur þ.a.l. það að markmiði að draga úr óþægindum tengdum maga og



meltingu. Probi Mage hentar börnum eldri en 6 mánaða en hægt er að opna hylkin og bæta m.a. út á grautinn.


Járnblandan frá Probi inniheldur jafnframt gerilinn *Lactobacillus plantarum* 299v ásamt járn, fólínsýru og C-vítamín sem stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og eykur upptöku járn. Probi járn hefur það að markmiði að auka upptöku járn og er milt fyrir meltingarkerfið, formúlan hentar barnshafandi konum.

Byltingarkennd nýjung frá Probi fyrir þau allra yngstu Probi Baby er glæný vara frá



Loksins fáanlegt á Íslandi!

Nú er loksins hægt að fá Probi Baby á Íslandi, en það er ætlað börnum frá fæðingu.




Vörulína Probi byggir á merkilegri uppgötvun á harðgerum mjólkursýrugerli sem styrkir varnir líkamans.

Sænska fyrirtækið Probi AB er í dag leiðandi á heimsvísu í rannsóknum á mjólkursýrugerlum.

Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins!

PROBI:MAGE® söluhæstir í Svíþjóð, frábærar móttökur á Íslandi.




PROBI®: FAMILY

Góðgerlar og vítamín tuggutöflur með það að markmiði að styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Inniheldur fólasi, D-vítamín og B-12 Vítamín. Bragðgóðar tuggutöflur fyrir alla fjölskylduna.



PROBI®: MAGE

Inniheldur einn af mest rannsökuðu mjólkursýrugerlum heims sem á hafa verið gerðar yfir 50 klínískar rannsóknir.



PROBI®: JÁRN

Vinnur gegn lágu járnigildum. Auk járn inniheldur varan einnig fólasi og C-vítamín sem eykur upptöku járn. Hentar á meðgöngu og viðbrjósagjöf.

PROBI® vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og stórmörkuðum.

Smurbrauðsjómfrúin skapar hefðir á 17. júní

Sjöfn Þórðardóttir sjöfn @frettabladid.is

Matur og matargerð er líf og yndi Helgu Gabrielu Sigurðardóttur og gullmolarnir hennar, strákarnir hennar þrír; eiginmaðurinn og synirnir tveir. Helgu þykir ákaflega gaman að þróa nýjar hefðir með fjölskyldunni, þar á meðal í tengslum við 17. júní, þjóðhátíðardag okkar Íslendinga, og veit fátt dýrmætara.

Helga Gabriela er matreiðslumaður að mennt og nú komin með nýjan titil: Smurbrauðsjómfrú Brauð & Co. Hún segir að eftir að hún fékk móðurhlutverkið skipti hefðirnar enn meira máli.

„Eftir að ég eignaðist strákana mína hefur mér þótt einstaklega gaman að þróa nýjar hefðir með fjölskyldunni. Þær eru svo skemmtilegar og skapa mjög dýrmætari minningar.“

Lærði af þeirri bestu í faginu

Smurbrauðsjómfrú er nýjasti titill Helgu Gabrielu og aðspurð segir hún að forsagan sé í raun smörre-ævintýrið sem hófst hjá Marentzu.

„Það má með sanni segja að smörre-ævintýrið hafi byrjað þegar ég vann sem yfirkokkur á Klambrar Bistró á Kjarvalsstöðum. Þá lærði ég að útbúa smörre frá þeirri bestu í faginu, henni Marentzu Poulsen, sem er drottningin í þessu. Hún er fyrirmynd í eldhúsinu og ég var svo ótrúlega lánsöm að hafa fengið að læra af henni. Síðan vildi það einfaldlega þannig til að Brauð & Co var að leita að nýjum hugmyndum til að bjóða upp á, til að byrja með í nýja flotta bakarís-kaffihúsinu þeirra á Laugavegi, þannig að þeir höfðu samband við mig og við hittumst í kaffi og ræddum málin. Alls konar þælingar voru í loftinu en smurbrauðið varð síðan ofan á, þar sem undirstaðan í því öllu saman er þetta geggjada danska rúgbrauð sem þeir baka á hverjum degi. Þetta einfaldlega smellpassaði inn í konseptið þeirra.“

Aðspurð segir Helga Gabriela að danskt yfirbragð smurbrauðsins hafi fyrst og fremst heillað.

„Í fyrsta lagi er ég bara ofsalega hrifin af öllu sem er danskt. Við Íslendingar höfum tekið upp svo margar skemmtilegar hefðir frá þessum gömlu nýlenduherum okkar og mér finnst það eitthvað svo fallegt. Að danskar hefðir séu líka íslenskar hefðir. Svo eru smurbrauðin gerð úr ferskum norrænum hráefnum sem við eigum að vera stolt af. Þetta er einfaldlega herra-mannsmatur.“

Fleiri ný verkefni eru í farvatninu hjá Helgu Gabrielu.



Smurbrauðsjómfrú er nýjasti titill Helgu Gabrielu og segir hún smörre-ævintýrið hafa byrjað þegar hún starfaði hjá smurbrauðsdrottningunni Marentzu Poulsen.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

„Ég er með mjög spennandi verkefni í þróun sem heitir Smakk og sérhæfir sig í kökum og eftirréttum við öll tækifæri. Þá er ég einnig að setja saman námskeið tengd því þar sem hægt verður að læra að útbúa til dæmis míní pavlóvur og sítrónutart.“

Skreyta borðið með íslenska fánanum

Helga Gabriela hefur ákveðnar hefðir og siði í tengslum við 17. júní sem hún hefur skapað sjálf.

„Síðustu ár höfum við boðið fjölskyldunni heim í bröns og mímós-ur. Þá útbý ég egg benedict og baka mína allra bestu brownie sem slær alltaf í gegn. Strákarnir skreyta borðið með íslenska fánanum og ljúfir tónar eru settir á fóninn. Eftir brönsinn finnst okkur voða gaman að taka smá rólt um bæinn, fá okkur ís, candyfloss og blöðrur ef sólin lætur sjá sig.“

Sjálf segist Helga ekki hafa alist upp við ákveðna siði á þessum degi.

„Ég man ekki eftir neinum sérstökum síðum síðan ég var lítil. En ég man að mér fannst alltaf æðislega gaman að kíkja niður í bæ með fjölskyldunni og upplifa stemninguna. En ég get klárlega sagt að eftir að ég varð mamma hafi orðið til þessi sterka löngun til að skapa skemmtilegar fjölskylduhefðir með strákunum mínum.“

Helgu Gabrielu finnst mikilvægt að halda upp á 17. júní og gera það með reisu.

„Við Íslendingar megum vera stolt af sögu okkar og sigrum. Það er í raun mjög merkilegt hvað við höfum skapað okkur gott samfélag hérna lengst úti á ballarhafi. Svo er alltaf gaman að gleðjast með vinum og fjölskyldu.“

Þegar kemur að því að vera þrúðbúin á þessum degi þá er það engin spurning hjá Helgu Gabrielu.

„Ég hef reyndar alltaf mjög gaman af því að klæða mig upp í finni föt og þá er þjóðhátíðardagurinn engin undantekning. Þá finnst mér sérstaklega gaman að klæða mig í einhverja sumarlega liti, eins og bleika skyrtu eða eitthvað skemmtilegt.“



Danska smurbrauðið hennar Helgu Gabrielu er einkar girnilegt og glæsilega fram borið. Hér er það steikt rauðspretta.



Girnilegt og fallega framreitt roast beef smurbrauð hjá Helgu Gabrielu.



Girnilegt rækju-smurbrauð Helgu Gabrielu er með hátíðlegu ivafi og á sannarlega vel við í tilefni 17. júní, þjóðhátíðardags Íslendinga.

Í tilefni dagsins er heimilið skreytt og hið þjóðlega fær að njóta sín.

„Það er alltaf dreginn fáni á stöng og svo tókum við fjölskyldan upp þann skemmtilega sið að skreyta bröns-borðið með íslenska fánanum. Mér finnst það notalegt, og einmitt líka svolítið danskt. Danir eru svo duglegir að skreyta allt með litlum dönskum fánum, í afmælum, við útskriftir og allt mögulegt. Mér finnst það til fyrirmyndar.“

Helga Gabriela gefur lesendum uppskrift af því sem hún ætlar að bjóða upp á í tilefni 17. júní þetta árið. „Þennan þjóðhátíðardag stend ég einmitt vaktina í Brauð & Co á Laugavegi og útbý ljúffengt smörre. Því er við hæfi að deila með ykkur uppskrift af klassísku smörre með eggjum og rækjum, enda selst það alltaf upp hjá okkur þá daga sem það er í boði.“

- Smurbrauð að hætti Helgu Gabrielu
- 4 sneiðar af danska rúgbrauðinu hjá Brauð & Co
 - 4 soðin egg
 - 360 g stórar rækjur
 - 2 msk. ólífuolía

- Klipa af cayenne
- Sjávarsalt og nýmalaður pipar eftir smekk
- Ferskt dill og graslaukur, finsaxaður
- Sítróna
- Smjör

Byrjið á að setja rækjurnar í skál og dressið þær með ólífuolíu, cayenne, salti og pipar eftir smekk. Smyrjið sneiðarnar með smjöri og raðið einu eggjum öðru megin á hverja sneið, saltið og piprið egginn. Raðið síðan rækjunum á hinn helminginn og kreistið vel af sítrónusafa yfir. Toppið sneiðarnar með sítrónumæjö og fullt af fersku dilli og graslauk.

Sítrónumæjö

- 200 g majónes
- Rifinn börkur af einni sítrónu
- 2-3 tsk. sítrónusafi
- sjávarsalt eftir smekk

Majónes sett í skál ásamt sítrónuberki, tveimur teskeiðum af sítrónusafa og klípu af sjávarsalti. Hrærið saman og smakkið til með meira salti og sítrónusafa. Berið fram á fallegan og hátíðlegan hátt. Gleðilegan 17. júní! ■

Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrolt Eru tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

100% náttúruleg hvannarrót

60 HYLKI | FÆÐUBÖNN

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.

17% afsláttur

af öllum vörum í netverslun Curvy.is

Það verður lokað í verslun Curvy við Grensásveg á 17 júní
en í tilefni dagsins bjóðum við uppá 17% afslátt
þegar pantað er í netverslun www.curvy.is - aðeins í dag!



Zizzi Blazer
9.952 kr
11.990 kr-



Toppur
3.312 kr
3.990 kr-



Toppur
3.312 kr
3.990 kr-



Kaffe Peysa
7.462 kr
8.990 kr-



Zizzi Kjöll
11.612 kr
13.990 kr-



Emily Gallabuxur
6.632 kr
7.990 kr-



Bootcut buxur
6.632 kr
7.990 kr-



Sumarkjöll
7.462 kr
8.990 kr-




Narboxur
4.142 kr
4.990 kr-



Jakki
9.952 kr
11.990 kr-



Sandalar
3.312 kr
3.990 kr-



Sundbolur
8.292 kr
9.990 kr-

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Guðdómleg hátíðarterta í þjóðhátíðarbúningi



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Þjóðhátíðardagur Íslendinga er mikill hátíðisdagur fyrir íslenska þjóð og margir eiga sínar hefðir og venjur í tengslum við daginn, sérstaklega þegar kemur að mat og kræsingum.

Matgæðingurinn og eigandi Salt Eldhúss, Sigríður Björk Bragadóttir, sem ávallt er kölluð Sirrý, segir hér frá sínum matarhefðum og venjum á 17. júní.

Sirrý segist vel muna eftir bernskuárum sínum á 17. júní þegar söngurinn ómaði „Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.“

„Ég hef alltaf farið í skrudgöngu og fæ enn gæsa húð þegar lúðra-sveitin byrjar að spila. Ég var skáti þegar ég var yngri og þá var mikill undirbúningur og tilstand fyrir þennan dag.“

Aðspurð segir Sirrý að dagurinn hafi ávallt verið hátíðlegur og fastmótuð dagskrá hafi verið hjá fjölskyldunni þar sem haldið var í ákveðna siðir og hefðir.

„Ég fór alltaf í skrudgöngu og tók þátt í hátíðahöldum með foreldrum mínum og síðan í kaffi og rjóma-tertu til ömmu á eftir. Þegar ég var yngri var dansiball á Lækjartorgi um kvöldið og hljómsveit spilaði, þá fór ég með pabba og mömmu og þau dónsuðu á torginu, það var rosa stemming. Í dag förum við stórfjölskyldan gjarnan saman til að njóta dagsins við hátíðahöldin yfir miðjan daginn og borðum síðan jarðarberjakökuna heima á eftir.“

Mikilvægt að halda upp á afmæli Íslands

Sirrý er umhugað að halda upp á daginn og halda í ákveðnar fjöl-skylduhefðir, ekki síst fyrir yngri kynslóðina.

„Mér finnst mjög mikilvægt að halda upp á daginn, það vafðist eitthvað fyrir litla ömmustráknunum mínum þegar við vorum í skrudgöngunni hvað væri verið að halda upp á en þegar ég útskýrði fyrir honum að það væri afmælisdagur Íslands var allt á hreinu. Mér finnst mikilvægt að halda upp á þennan dag, sjálfstæði er ekki sjálfsgott og margar þjóðir eru að berjast fyrir því.“

Fór í finasta kjólinn og setti upp kórónu

Fallegasta bernskuminning Sirrýjar í tengslum við 17. júní er fyrst og fremst að hafa ávallt farið í skrudgönguna uppáklædd í þjóðbúning með fána.

„Það er svo hátíðlegt,“ segir Sirrý og brosir.



Hún segist ekki lengur klæða sig upp á þessum degi.

„Ég var alltaf í þjóðbúningi sem krakki en á engan í dag. Ég fer nú samt í betri fötin. Ég á krúttlega sögu af ömmustelpunni minni. Hún hefur verið um það bil 4 ára og á 17. júní í það skiptið kom ég með kökuna heim til hennar til að njóta eftir hátíðahöldin. Hún var búin að klæða sig í kjól en þegar hún sá flottu kökuna með öllum fánunum skipti hún um fót og fór í finasta sparikjólinn og setti upp kórónu. Henni fannst kakan svo flott að hún varð að vera í stíl við hana.“

Heimilið í hátíðarbúning

Sirrý skreytir líka heimilið á þessum hátíðisdegi.

„Ég set alltaf fána í blómakerin, að sjálfsögðu og svo er kakan svo undurfalleg með fánunum.“

Í tilefni dagsins bakar Sirrý ávallt hina frægu jarðarberjalagtertuna sem hefur fylgt fjölskyldunni og öll fjölskyldan kemur saman á þjóðhátíðardeginum til að snæða saman og fagna afmæli Íslands.

Sirrý gefur lesendum Fréttablaðsins uppskriftina að hinni hátíðlegu jarðarberjalagtertunni sem er guðdómlega ljúffeng og auðvitað fagurskreytt í íslensku fánalitunum.

Jarðarberjalagterta 10 sneiðar

4 egg
120 g sykurl
100 g hveiti
½ tsk. lyftiduft
50 g smjör brætt og kælt litillega

Hitið ofninn í 180°C. Þeytið egg og sykurl saman þar til blandan er ljós og létt. Bætið smjörinu rólega út í í mjörri bunu á meðan hrærivélin gengur og passið að það sé ekki of heitt því þá bræðir það eggja-massann. Sigið hveiti og lyftiduft út í eggin og blandið því saman við með sleikju. Setjið böknar-pappír í botninn á tveimur 22 cm smellumótum. Skiptið deiginu á milli formanna. Bakið í um 20 mín. Takið úr formunum og kælið. Þið getið haft kökuna á 3 hæðum með því að nota þrjú 20 cm form.

Fylling á milli botna

500 g jarðarber eða hindber
1 msk. sykurl
½ litri rjómi

Ef þið notið jarðarber eru þau skorin í bita ef þau eru stór, hindberin eru höfð heil. Setjið berin í skál og bætið sykri út í eftir smekk, ef berin eru vel sæt er óþarfi að nota sykurlinn. Þeytið rjómann. Setjið



rjóma og ber á milli botnanna og ofan á. Skreytið með berjum og fánunum og ef til vill litlum marengs-kökum.

Berið fram á fallegan og hátíðlegan hátt. Upplagt er að skreyta hátíðarborðið í íslensku fánalitunum.

Gleðilegan 17. júní! ■

Sirrý er mikill matgæðingur og heldur fast í matarhefðir og venjur sem tengjast hátíðisdögum og viðburðum eins og þjóðhátíðardegi Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Leiðtogabúðir fyrir 9 til 12 ára

Leiðtogabúðirnar efla leiðtogahæfni krakka á aldrinum 9 til 12 ára og styrkja sjálfsmynd þeirra. Þjálfunin byggir á viðurkenndum aðferðum og efni sem sannað hefur gildi sitt um allan heim í áratugi. Hugmyndafræði og gildum Dale Carnegie er blandað við uppbyggilega leiki svo úr verði skemmtileg blanda.

Leiðtogabúðir fyrir 9 til 12 ára:

9 til 12 ára Leiðtogabúðir 20. júní 9.00-16.30 4 dagar í röð

9 til 12 ára Leiðtogabúðir 8. ágúst 9.00-16.30 4 dagar í röð

*Farið er á hverjum degi með rútu á skemmtilega staði eins vötn, strönd og inn í skóg. Hægt er að nota fristundastyrki

Skráning á dale.is



Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma með hugmyndir og standa með eigin skoðunum
- Læra að setja sér markmið og ná þeim
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun
- Kveikja eldmóð og takast á við mótlæti





HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Garðyrkja



ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is


Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



gottcbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FRÉTTA VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN
KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttaumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



HAGVANGUR

hagvangur.is



EXTRA



OPIÐ

17. JÚNÍ

Barónsstígur

8-24

Akureyri

24/7

Reykjanesbær

24/7

Merkisatburðir

1596 Willem Barents finnur Svalbarða.

1911 Háskóli Íslands er stofnaður og settur í fyrsta sinn. Hann tekur yfir rekstur Prestaskólans, Læknaskólans og Lagaskólans sem um leið eru lagðir niður.



1915 Fyrsta bílprófið er tekið í Reykjavík. Handhafi skirteinis númer 1 er Hafliði Hjartarson trésmiður, 28 ára.

1959 Íþróttavöllurinn í Laugardal er formlega vígður en hafði verið í notkun í tvö ár.

1974 Kapella til minningar um Jón Steingrímsson eldklerk er vígð á Kirkjubæjarklaustri.

1975 Sumar á Sýrlandi, fyrsta plata Stuðmanna, kemur út.

1977 Höggmyndin Alda aldanna eftir Einar Jónsson myndhöggvara frá Galtafelli í Hrunamannahreppi er afhjúpuð á Flúðum.

1980 Ísbjarnarlús, fyrsta plata Bubba Morthens, kemur út.

1982 Þriðja skipið með nafnið Akraborg kemur til landsins til siglinga á milli Reykjavíkur og Akraness.

1985 Höggmynd til minningar um Guðriði Simonardóttur, Tyrkja-Guddu, er afhjúpuð í Vestmannaeyjum.

1994 50 ára afmæli Lýðveldisins Íslands er fagnað á Þingvöllum af miklu fjölmenni.

2000 Jarðskjálfti, 6,5 stig á Richter, skekur Suðurland.

Þreföld hátíðarúthlutun á fimmtugsafmæli Kristjáns

Styrkþegar Minningarsjóðs Kristjáns Eldjárns eru þrír í ár í tilefni þess að gítarleikarinn hefði fagnað fimmtugsafmæli.

arnartomas@frettabladid.is

Minningarsjóður Kristjáns Eldjárns gítarleikara var stofnaður af ættingjum Kristjáns, vinum hans og samstarfsmönnum eftir að hann lést 22. apríl 2002 tæplega þrítugur að aldri. Á hverju ári veitir sjóðurinn efnilegu tónlistarfólki fjárveitingar á afmælisdegi Kristjáns, 16. júní.

Í ár hefði Kristján orðið fimmtugur og í tilefni þess er úthlutun úr sjóðnum þreföld. Styrkþegarnir þrír eru tónlistarfólkið Daníel Friðrik Böðvarsson, Hafdis Bjarnadóttir og Reynir Hauksson.

Fókusinn á að djassa

„Það er auðvitað ótrúlega gaman að fá þessa viðurkenningu sem er fyrst og fremst frábært framtak að halda uppi þessum sjóði og að styrkja ungt tónlistarfólk,“ segir Daníel Friðrik. „Það hefur mikla þýðingu fyrir mig og alla styrkþega að geta einbeitt sér að tónlistinni.“

Daníel Friðrik starfar sem gítarleikari og upptökustjóri í Reykjavík og hefur verið einstaklega virkur í tónlist frá því að hann var ungur að árum. Hann er stofnmeðlimur hljómsveitanna Moses Hightower, Pranke og Okum og hefur með hljómsveitum sínum samið tónlist fyrir leikrit í Þjóðleikhúsinu.

„Ég er búinn að vinna með hinum og þessum sem pródúser, en svo er ég líka bara að spila á gítar,“ segir Daníel Friðrik. „Síðan lífið varð aftur eðlilegt eftir afléttingar hef ég verið að spila og hef verið með vikuleg djassgigg á Snaps. Það er fókusinn hjá mér núna, að djassa.“

Kærkomið pepp

„Ég er eiginlega alveg orðlaus ef ég á að segja alveg eins og er,“ segir Hafdis, sem kreistir þó nokkur orð fram til að tala við blaðamann. „Svona hvatning hefur svo mikla þýðingu fyrir mann. Það koma tímabil í lífi manns þar sem maður hugsar „af hverju er ég að þessu veseni?“ og „á maður bara að fara að hætta?“ Þá er svo rosa gott að fá pepp á borð við þennan stuðning – að maður sé kannski ekki bara að gera tónlist sem enginn vill heyra!“

Sem tónlistarmaður leggur Hafdis áherslu á að brjóta niður múra á milli tónlistarstíla og nálgast oft verkefni á framandi hátt. Hún hefur sem dæmi tekið sér fyrir hendur verk fyrir sínfóníusveit unnið upp úr þrjónauppskrift, kammersveitarverk unnið upp úr línuritum og tölum frá íslensku bönkunum í kringum hrúnið og samið tónlist fyrir sauðfé.

„Ég lauk nýverið að semja tónlist fyrir kvikmynd sem ég vil ekki segja of mikið um þar sem vinnslan á henni er á lokametrunum,“ segir Hafdis. „Svo er ég með á teikniborðinu verk fyrir þrjár harmonikkur fyrir sveitina Ítrió sem



Árið 2007 var fyrst úthlutað úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

MYND/MINNINGARSJÓÐUR KRISTJÁNS ELDJÁRNS



Reynir Hauksson



Hafdis Bjarnadóttir



Daníel Friðrik Böðvarsson

starfar í Kaupmannahöfn. Það er ansi margt í gangi!“

Kynntist gítarleik hjá Kristjáni

„Þetta er náttúrulega rosalega mikill heiður að fá þennan styrk og hvetur mann til frekari dáða. Það er líka mjög gaman því fyrsta minning mín af gítarleikara var einmitt Kristján Eldjárn,“

segir Reynir, sem sá Kristján í heimsókn í Andakílsskóla á Hvanneyri. „Hann kom og spilaði fyrir okkur, bæði á rafmagnsgítar og klassískan. Það er gaman hvernig þetta virkar.“

Reynir er þekktur fyrir flamenco-gítarleik sinn og hefur á undanförnum árum verið búsettur á Spáni. Hann hefur beitt sér fyrir því að kynna Íslendinga fyrir flamenco-tónlist og kom nýlega til landsins ásamt einum fremsta flamenco-listamanni Spánar, Jeronimo Maya, þar sem þeir félagar fluttu Vísur Vatnsenda-Rósu í flamencobúningi.

„Nú stendur til að spila með salsa-bandinu Úna Mas þar sem fimm Íslendingar spila saman lög frá Suður-Ameríku,“ segir Reynir, sem verður á landinu út sumarið. „Ég verð líka sjálfur með einleikstónleika hér og þar og mun líka spila flamenco-skotin lög með nýstofnuðu tríói ásamt Einar Scheving og Birgi Steini Theodórssyni.“ ■

Þetta gerðist: 17 júní 1972

Hálf öld frá Watergate-innbrotinu

Þann 17. júní 1972 voru fimm menn handteknir fyrir að brjótast inn í höfuðstöðvar Demókrataflokkans í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna. Rannsókn málsins leiddi í ljós að innbrotspjófarnir höfðu fengið greitt úr sérstökum sjóði fjáröflunarsamtaka í þágu baráttu fyrir endurkjöri Richards Nixon Bandaríkjaforseta.

Eftir því sem rannsókninni vatt fram tóku spjótin að berast að forsetanum

sjálfum og var hann sakaður um að reyna að pagga málið niður, einkum þátt starfsfólks hans og nánustu bandamanna.

Það voru hans eigin hljóðupptökur sem felldu hann að lokum og hann sagði af sér embætti tæpum tveimur árum eftir innbrotið, fyrsti og eini forseti Bandaríkjanna sem sagt hefur af sér embætti vegna hneykslismáls. Umfjöllun tveggja blaðamanna

Washington Post, Bobs Woodward og Carls Bernstein varpaði ljósi á málið, ekki síður en rannsókn lögreglunnar. Með aðstoð heimildarmanns komust þeir á slóð forsetans og hefur umfjöllun þeirra stundum verið nefnd besta fréttaumfjöllun sögunnar.

Enn hefur ekki verið greint frá því eftir hverju innbrotspjófarnir voru að slægjast í höfuðstöðvum Demókrata fyrir hálfri öld síðan. ■



Elskulegur frændi okkar,
Einar Guðmundur Ársælsson

Sóltúni 3,
áður til heimilis að
Sigtúni 33, Reykjavík,

lést 30. maí.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju
miðvikudaginn 22. júní kl. 11.

Fjölskyldan



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Hjálmar Magnússon
fv. framkvæmdastjóri,
frá Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð aðfaranótt 14. júní sl.
Útförin verður auglýst síðar.

f.h. aðstandenda,

Maria H. Hjálmarsd. Ringdal
Guðbjartur Hjálmarsson
Margrét S. Hjálmarsdóttir
Hafsteinn Hjálmarsson
Magnús Þór Hjálmarsson
Ingbjörn Hjálmar Hjálmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Nils Andreas Ringdal
Anna Karla Björnsdóttir
Ann-Charlotte Fernholm
Ásgerður Þráinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Lilja Guðmundsdóttir
Prestastíg 8,

lést á Líknardeild Landspítalans
föstudaginn 10. júní.
Útför hennar fer fram í Guðriðarkirkju
þriðjudaginn 21. júní kl. 15. Sérstakar þakkir til starfsfólks
Líknardeildar fyrir góða umönnun.

Jóhannes Björnsson
Gyða Björnsdóttir
Bragi Björnsson
Björn Þór Björnsson
barnabörn, makar og barnabarnabörn.

Sigurður Gunnarsson
Bryndís Harðardóttir

ILVA

NETBOMBA

ÞAÐ ER LOKAÐ Í VERSLUNUM OKKAR Í DAG 17. JÚNÍ

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM AÐEINS Í DAG



ÚTSALAN ER EINNIG Í FULLUM GANGI
30-50% AF VÖLDUM VÖRUM

FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!

ILVA Garðabæ, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

 [FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Skjaldborg 2022 Þáttur um Skjaldborgarhátíðina 2022. Umsjón Nína Richter og Pétur Fjeldsted.
- 19.30 Sigvaldi Kaldalóns (e) Heimildarmynd um líf og list eins rómaðasta tónskálds Íslands. (e)
- 20.30 Skjaldborg 2022 (e) Þáttur um Skjaldborgarhátíðina 2022. Umsjón Nína Richter og Pétur Fjeldsted. (e)

RÚV Sjónvarp

- 08.00 KrakkaRÚV
- 10.00 Haförninn. Hinn helgi örn
- 10.50 Kastljós
- 11.00 Hátíðarstund á Austurvelli
- 11.50 Músíkmolar
- 12.00 Sunnanvindur
- 12.50 Vigdis - Fífljarfa framboðið
- 13.50 Söngvaskáldin og Sinfó
- 15.55 Úti Tindfjallajökull og tindar Vestmannaeyja.
- 16.20 Frelsisvor
- 16.25 Stíklur Af sviðinu á sjóinn.
- 17.00 Retro Stefson - allra síðasti sjens
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lesið í líkamann
- 18.29 Sögur - stuttmyndir Björgunarleiðangurinn.
- 18.37 Sögur - stuttmyndir Bekkjar-kvöldið.
- 18.50 Lag dagsins Jón Jónsson og GDRN - Ef ástin er hrein.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Ávarp forsætisráðherra 17. júní 2022 Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur ávarp.
- 20.00 Förum á EM EM kvenna í fótbolta fer fram á Englandi í júlí og þar verður íslenska landsliðið - stelpurnar okkar.
- 20.30 Með allt á hreinu - syngjum með Ein ástsælasta gamanmynd íslenskrar kvikmynda-sögu í sérstakri útgáfu sem býður áhorfendum upp á að taka undir og syngja með.
- 22.15 Stella í orlofi Gamanmynd frá 1985 um hana Stellu sem er orðin þreytt á daglegu amstri og skellir sér í orlof þar sem biða hennar ótrúlegustu ævintýri.
- 23.40 Mýrin
- 01.10 Brot Óvæntir atburðir í rannsókn málsins reynast bæði Kótu og Arnari þungbærir.
- 02.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 11.00 Survivor
- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 16.30 Spin City
- 15.00 Bachelor in Paradise
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 The Unicorn
- 19.40 Black-ish
- 20.10 Wonder Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2017 með Jakob Tremblay, Owen Wilson og Julia Roberts í aðalhlutverkum.
- 22.00 Love Island (5.58)
- 22.45 Love Island (6.58)
- 23.30 Baywatch Kvikmynd frá 2017 með Dwayne Johnson og Zac Efron í aðalhlutverkum.
- 01.25 The Sixth Sense Spennutryllir frá 1999 með Bruce Willis í aðalhlutverki. Malcom Crowe er barnasálfræðingur sem fær verðlaun sama kvöld og hann fær heim-sókn frá mjög óánægðum sjúklingi. Eftir þetta, þá tekur Crowe að sér að lækna ungan dreng með sama einkenni og þessi fyrrum sjúklingur. Þessi drengur sér látið fólk.
- 03.05 Love Island
- 03.50 Tónlist
- 08.00 Barnaefni
- 13.45 Land míns föður
- 14.40 Shipwrecked
- 15.30 MasterChef Junior
- 16.10 Bump Grátbroslegir ástralskir dramapættir frá 2021. Líf tveggja fjölskyldna flækist allverulega þegar unglingar eignast óvænt barn saman.
- 17.25 Real Time With Bill Maher
- 17.40 10 Years Younger in 10 Days
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.40 Sportpakinn
- 18.55 Norm of the North. Family Vacation Nonni hefur nóg að gera við að stjórna konungs-rikinu og fjölskyldan situr því stundum á hakanum.
- 20.25 Britain's Got Talent
- 21.50 Saumaklúbburinn
- 23.10 Judas and the Black Messiah
- 01.15 Land míns föður
- 02.10 Shipwrecked
- 03.00 Bump
- 03.30 10 Years Younger in 10 Days

Skjaldborgarhátíðinni gerð skil á Hringbraut

Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg á Patreksfirði hefur fyrir löngu unnið sér þegnrétt í menningarlífi landsmanna en þessi einstaka serimónía hefur safnað saman mörgu því helsta og besta sem hefur verið að gerast í þessari tegund kvikmynda-gerðar á landinu. Blaðamaðurinn Nína Richter tók saman þátt um hátíðina í ár og er hann sýndur á Hringbraut í kvöld. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 fóðurfrekja
5 óvild
6 íþróttafélag
8 dusta
10 stafur
11 sepi
12 hvellur
13 rök
15 hamingjusamur
17 ávöxtur

LÓÐRÉTT
1 afgreiða
2 akfæri
3 ofsi
4 að baki
7 álandsvindur
9 lífæð
12 baksa
14 bál
16 tveir eins

LÓÐRÉTT: 1 afhenda, 2 færð, 3 æði, 4 aftan, 7 hafgola, 9 slagæð, 12 bísá, 14 eld, 16 líl.


Sudoku

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

	2				5			4
4			8			7		
		8			6	5		
		9		1		8		5
	4	7			8			6
2								
			2			3		
1			6		7			
	3			8		9		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

LENGJU
DEILDIN



ÍSLENSKUR TOPPFOTBOLT

FJÖLNIR - VESTRI

LAUGARDAG KL. 14.00

Í BEINNI ÚTSENDINGU Á HRINGBRAUT

Hringbraut er heimili Lengjudeildar karla í sumar. Leikurinn er í opinni dagskrá.

HRINGBRAUT



**FULLKOMNASTA
HÚÐMEÐFERÐIN**
OKKAR

NÝTT MED
BAKUCHIOL

9 AF 10
STAÐFESTA
bætt yfirbragð húðarinnar*

- ♥ EYKUR FYLLINGU
- ♥ ENDURMÓTAR ÚTLÍNUR
- ♥ MINNKAR DJÚPAR HRUKKUR



*Niðurstöður eftir 4ja vikna neytendakönnun 47 kvenna á aldrinum 46-62 ára.

”Í sam-
tím-
anum
virðist
allt vera í
boði og
það er
ekki
lengur
róttæk
ákvörð-
un að
nota
útsaum í
list.



Birkir Karlsson
er annar sýn-
ingarstjóranna.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Útsaumssprengja á Kjarvalsstöðum



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Sýningin Spor og þræðir stendur yfir á Kjarvalsstöðum og stendur til 18. september. Sýningarstjórar eru Ingunn Fjöla Ingþórsdóttir og Birkir Karlsson.

„Þetta er sýning á verkum eftir myndlistarmenn sem búa á Íslandi og kjósa að nota útsaum sem aðferð í myndlist,“ segir Birkir. „Við Ingunn höfðum áhyggjur af því að ekki væri til nóg af verkum en þær áhyggjur voru ástæðulausar því útsaumur er í tísku. Við sjáum þetta í litlum galleríum, á útskriftarsýningum Listaháskólans og á nýjasta Feneyjartvíæringnum en þar er allt fullt af útsaumi,“ segir Birkir.

Allt í boði

Hann segir að erfitt hafi verið að halda kynjahlutfalli. „Ég hef sem sýningarstjóri haft það að markmiði að jafna hlutfall kynja en í þessari sýningu er það mjög erfitt. Þannig að við völdum verk frekar en listamenn og lögðum okkur fram við að halda fjölbreytni í efnisvali.“

Spurður hver sé skýringin á vaxandi áhuga á útsaumi segir hann. „Í samtímanum virðist

allt vera í boði og það er ekki lengur róttæk ákvörðun að nota útsaum í list. Í Covid einangraðist fólk en útsaum má stunda inni á heimilinu með sínum nánustu, eins og var í baðstofunni hér áður fyrr. Í því hraða samfélagi sem við búum í þá finnst nútímamanninn það jafnast á við íhugun að setjast niður við útsaum. Listamennirnir höfðu einmitt orð á þessu.“

Sjö saumgerðir

Listamennirnir vinna sumir með gamla arfleifð en aðrir feta sig áfram í tilraunastarfsemi. Birkir nefnir dæmi: „Kristín Gunnlaugsdóttir teiknar með nálinni og Kristinn G. Harðarson skrifar texta með henni og Erla Þórarinsdóttir saumar Faðir vorið í teppi úr Rauðakrossbúð.

Loji Höskuldsson lærði af móður sinni sem er mikil handleikskona og notar alls kyns útsaum. Petra Hjartardóttir er jafnvel með sjö saumgerðir í einu verki en hún lærði af ömmu sinni sem er mikill útsaumssnillingur. Ég þurfti að fara í mikla rannsóknarvinnu til að finna út hvað öll þessi spor heita á ensku og fékk góða aðstoð frá útsaumskennara við Hússtjórnarskólann.“ ■



Sýningin ein-
kennist af
fjölbreyttu
efnisvali.

Listamennirnir

- | | |
|------------------------------------|-----------------------------|
| ■ Agnes Ársælsdóttir | ■ Guðný Rósa Ingimarsdóttir |
| ■ Anna Línadal | ■ James Merry |
| ■ Anna Andrea Winther | ■ Kristinn G. Harðarson |
| ■ Eirún Sigurðardóttir | ■ Kristín Gunnlaugsdóttir |
| ■ Erla Þórarinsdóttir | ■ Loji Höskuldsson |
| ■ Guðrún Bergsdóttir | ■ Petra Hjartardóttir |
| ■ G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir | ■ Rósa Sigrún Jónsdóttir |

Stefnumót við stórstjörnur

kolbrunb@frettabladid.is

Heillaheimur (dAzzleMAZE) er upplifunarsýning fyrir allra yngstu áhorfendurna. Sýningin er í senn dansverk og innsetning. Heillaheimur býður upp á fjölbætta skynjunarupplifun og hvatt er til forvitni, könnunar, slökunar og íhugunar. Gestir mega koma inn í rýmið þegar þeir eru tilbúnir, fara út og koma aftur inn eins og hentar. Sýningar eru í Tjarnarbíói 17. júní, kl. 10-13 og 14-17. 18. júní, kl. 10-13 og 14-17 og 19. júní, kl. 10-13 og 14-17. Sýningar föstudagsins og sunnudagsins eru ætlaðar ungum börnum á aldrinum 3-16 mánaða. Sýningin á laugardegnum er fyrir börn upp í 4 ára aldur.

Every Body Electric er dansverk eftir hina margverðlaunuðu Doris Uhlich. Hópur fatlaðra dansara fer með áhorfendur í ferðalag inn í kjarna hins mannlega. Hin austurríska Doris Uhlich hefur á síðustu árum ekki síst einbeitt sér að samvinnu við listafólk með líkam-

”

Grimubúnir meðlimir Skýjasmiðjunnar og sirkuslistafólk Hringleiks koma gestum á óvart.

lega fötlun og leitað leiða til þess að skoða hreyfingar og hrynjandi líkamans í nýju ljósi. Verkið verður sýnt á sunnudag klukkan 17.00 í Silfurbergi, Hörpu.

Á sunnudag klukkan 21.00 verður Expat í i Open Gallerí á Granda. Expat er Mykki Blanco og Samuel Acevedo sem blanda leikrænni ljóðlist úr heimi svartra hinsegin listamanna saman við gotneska heavy metal-tónlistarhefð Mið- og Suður-Ameríku. Mykki Blanco er einn mest spennandi rappari sam-

tímans og hefur sent frá sér plötur sem hafa hlotið frábæra dóma, unnið með tónlistarfólki á borð við Blood Orange og Kanye West en einnig vakið athygli fyrir ljóð sín.

Íslandsfrumflutningur strengjakvartettsins Spektral á verkinu Enigma verður á sunnudag í Stjörnuveri Perlunnar kl. 17.00 og 19.00. Verkið er eftir Önnu Þorvaldsdóttur og vídeolistamanninn Sigurð Guðjónsson, sem nú er fulltrúi Íslands á Feneyjartvíæringnum. Enigma hefur verið lýst sem strengjakvartett af alveg nýjum toga; stórfenglegu verki á mörkum tónleika og innsetningar.

Sunnudag frá 12-17 við Elliðaárstöð verður gaman að mæta í Undraskóginn. Furðuverur leynast á milli trjána og dilla sér í takt við tónlist úr smíðju S.L.Á.T.U.R.. Grimubúnir meðlimir Skýjasmiðjunnar og sirkuslistafólk Hringleiks koma gestum á óvart. Þykjó býður upp á ævintýrlega furðufugla-smíðju. ■



Hópur fatlaðra
dansara fer með
áhorfendur í
ferðalag.

MYND/ADSEND

Timberland®




GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ
& TAKK FYRIR OKKUR Í 20 ÁR!



Timberland á Íslandi á **20 ára** afmæli
og af því tilefni opnum við nýja
stórglæsilega Timberland verslun
í **Smáralind** á morgun 18. júní.

Verið velkomin! Sumarskór á alla
fjölskylduna á frábæru tilboðsverði





Skemmtistaðir borgarinnar munu vafalaust fyllast í kvöld. MYND/PEXELS

Dansað og trallað fram á rauða nótt

Fyrir þá sem vilja dansa fram á nótt á Þjóðhátíðardaginn stendur ýmislegt til boða í miðborg Reykjavíkur. Plötusnúðar landsins þeyta skifum fram á nótt í skjóli fyrir sumarregninu.

■ **Húrra, Tryggvagötu 22**
Teknódagskrá LibertyFest stendur alla helgina og að kvöldi Þjóðhátíðardags munu gestir dansa með Jamesen, Exos, DDJ Yamaha og Samwise.



■ **Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1**
DJ Óli Dóri þeytir skifum.



■ **Kex hostel, Skúlagötu 28**
Poppað rokk með Pale Moon, Superserious og gítarleikaranum Ara Árelíusi.

■ **Gaukurinn, Tryggvagötu 22**
Hljómsveitin Hylur skemmtir gestum.

■ **Prikið, Bankastræti 2**
Markaður í portinu, DJ De La Rosa, Young Nazareth.

■ **Sirkus, Lækjargötu**
Rvk sound með DJ EL/V/AR, Gnúsa Yones og Cyprie Afrosól.

■ **Röntgen, Hverfisgötu 12**
Sakana spilar fyrir dansi.

”

Ég uppgötvaði að ef maður klæðir sig eftir veðri þá er allt í lagi að það sé rigning og rok. Ef maður er þurr og ef manni er hlýtt þá skiptir veðrið ekki máli.

Steiney Skúladóttir



Reykjavíkurdætur hafa slegið í gegn hjá yngstu kynslóðinni eftir þátttöku í Söngvakeppni sjónvarpsins í vor. Þær skemmta gestum Hljómskálagarðsins í dag.

MYND/SKJÁSKOT

Í fyrsta sinn og á fimm stöðum

Reykjavíkurdætur troða upp á fimm stöðum í dag en þetta er í fyrsta sinn sem sveitin er bókud á þessum degi. Steiney Skúladóttir segist ekki óttast rigningarspá og hyggst klæða sig eftir veðri.

ninarichter@frettabladid.is

Að venju verður tónleikum slegið upp í Hljómskálagarði í dag. Hinir ástsælu Jói Pé og Króli stíga fyrstir á svið klukkan 14.00, næst taka við leikarar úr leikhópi Ronju Ræningjadóttur, þá sýna dansarar úr Dansi Brynju Péturs listir sínar, næst taka við KUSK-meðlimir.

Hljómsveitin Inspector Space-time tekur þá við, að því gefnu að veikindi í hljómsveitinni setji ekki strík í reikninginn. Leikarar úr Ávaxtakörfunni skemmta ungum sem öldnum korter í fjögur og að því loknu stíga dansarar úr Dansskóla Birnu Björns á svið. Reykjavíkurdætur ljúka svo dagskránni klukkan 16.40.

Steiney Skúladóttir Reykjavíkurdóttir segir hópinn vera að slá einhvers konar met þetta árið, með

”

En við ætlum að taka Ógeðsleg og svona, sem er það sem krakkarnir eru að fíla. Þau eru að syngja: Ég er svo nett, ég er ógeðslega nett.

Steiney Skúladóttir

fimm tónleikum sama daginn. „Við erum fjórum sinnum í Kópavogi, það eru fjögur mismunandi svið þar, og svo verðum við í Hljómskálagarðinum,“ segir hún brött.

Gaman að spila fyrir krakkana
Aðspurð er þetta í fyrsta sinn sem dæturnar troða upp á Þjóðhátíðardaginn. „Það er svo gaman að spila fyrir krakkana. Við erum líka svo mikið að gera það í fyrsta skipti, eftir Söngvakeppnina“ segir Steiney og vísar til undankeppni Eurovisi-



Rappdúóið sívinsæla JóiPé X Króli hefur leika í Hljómskálagarðinum í dag.

MYND/SKJÁSKOT

on þar sem lag Reykjavíkurdætra Tökum af stað hafnaði í öðru sæti.

„Við tökum Tökum af stað fimm sinnum,“ segir hún og hlær. „Nei djók. En við ætlum að taka Ógeðsleg og svona, sem er það sem krakkarnir eru að fíla. Þau eru að syngja: Ég er svo nett, ég er ógeðslega nett,“ segir Steiney. Að hennar sögn er úr mörgu að velja þegar kemur að tónleikaprógrammi, enda hafa dæturnar spilað saman í níu ár. „Við eigum svo stóran katalóg, en við höfum, aðeins verið að prófa okkur áfram með hvað hentar fyrir börnin,“ segir hún.

Klæðir sig eftir veðri

Aðspurð hvernig sé að spila utandýra í rigningarspá, svarar Steiney: „Það er glatað að það verði rign-

ing. En ég uppgötvaði að ef maður klæðir sig eftir veðri þá er allt í lagi að það sé rigning og rok. Ef maður er þurr og ef manni er hlýtt þá skiptir veðrið ekki máli.“

Steiney segist ekki halda í ákveðnar hefðir á Þjóðhátíðardeginum en minnst hátíðahaldanna þegar hún var barn. „Þegar ég var lítil fékk ég gasblöðru og svo nammi-snuð sem gerði öll fötin manns kámug og maður varð allur klístraður og vonaði að blaðran manns myndi ekki fjúka í burtu,“ segir hún og bætir við að hún hafi farið í skruðgönguna.

Hún viðurkennir þó að hafa lítið sótt hátíðahöld síðustu árin. „Ég hef ekki nennt að fara síðustu árin en núna kem ég sterk inn og verð úti um allt,“ segir Steiney. ■



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNABU KÓÐAN

frettabladid.is

Engin kvölddagskrá í Reykjavík

gar@frettabladid.is

„Ákveðið var að leggja áherslu á að dagskráin á Þjóðhátíðardaginn yrði fyrst og fremst fjölskylduskemmtun frá klukkan 13.00 til klukkan 18.00,“ svarar Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, teymisstjóri samskiptasviðs Reykjavíkurborgar, spurð hvers vegna borgin bjóði ekki lengur upp á kvölddagskrá á sautjándan júní.

Að sögn Evu Bergþóru var síðast kvölddagskrá sautjándan júní 2015. Aðspurð segir hún engar breytingar á núverandi fyrirkomulagi hafa verið ræddar. „Á Menningarnótt er hins vegar boðið upp á veglega kvölddagskrá,“ bendir teymisstjórinn á.

„Að sjálfsögðu er Menningarnótt fjölskylduhátíð en hún er með öðrum blæ en Þjóðhátíðardagskráin og hefur nokkra sérstöðu þar sem hún hófst sem kvöldskemmt-



Árið 2015 bauð borgin síðast upp á kvölddagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

un,“ svarar Eva Bergþóra þeirri spurningu hvort borgin liti þá ekki á Menningarhátíð sem fjölskylduhátíð fyrst þar er kvölddagskrá.

„Reykjavíkurborg er hátíðaborg sem býður upp á fjölbreytta dagskrá allt árið og fjölbreytni er einmitt lykilordíð – alls konar hátíðir sem allar hafa skapað sér sérstöðu,“ und-

irstríkar hún. „Þessi tímarammi er talinn henta vel fyrir skemmtidagskrá sem tekur mið af fjölskyldum á öllum aldri og hafa önnur sveitarfélög verið að feta svipaða leið á Þjóðhátíðardaginn.“ Kópavogur hefur ekki verið með kvölddagskrá síðustu ár og lagt áherslu á dagskrá að degi til úti í hverfunum. ■

1011

17. JÚNÍ



Helíumblöðrur

frá 1299 kr.



**Sleikjó margar
gerðir**

frá 149 kr.



Fánar

**frá
399 kr.**



23. júní

BEJARBIO

Guðmundur Pétursson

Beebee and the Blue birds

Blús
hjarta
Hafnar-
fjarðar
23-25 JÚNÍ

24. júní

Kristjana Stefánsdóttir

HG Sextett
Rætur djassins í blústonlist

25. júní

Tregasveitin

Björgvin Gíslason

miðasala
á **tix.is**

Útisvæði

Happy hour frá 18:00-21:00

Fimmtudagur: Heiðar í Botnleðju

Föstudagur: Hljómsveitin Brot af því besta

Laugardagur: Júlladiskó



Agnes Anna Sigurðardóttir, frumherjinn í ölhúsavæðingu Íslendinga, mun hér eftir minnst 15. júní með gleði í hjarta.
MYND/ADSEND

Ó, ég fagna þessu ákaflega

Brugghúsafrumvarpið var samþykkt á Alþingi fyrir þinglok í vikunni og brátt mega litlu ölsmiðjurnar hringinn í kringum landið selja beint af býli við mikinn fögnuð heimafólks.

ser@frettabladid.is

Fögnuður ríkir í litlu bruggverk-smiðjunum á Íslandi – og þær hafa sprottið upp eins og gorkúlur síðasta hálfa annan áratuginn – og ekki er ánægjan minnst hjá frumkvöðlinum sjálfum, Agnesi Önnu Sigurðardóttur hjá Kalda á Árskógs-sandi í Eyjafirði, sem hóf að brugga ölið árið 2006 – og sér ekki fyrir endann á því ævintýri.

„Ó, ég fagna þessu ákaflega, þetta er jafn sögulegt og það er mikilvægt fyrir okkur hjá litlu brugghúsunum,“ segir Agnes Anna, hæstánægð með að frumvarp dómsmálaráðherra í þessa veru hafi verið samþykkt samhljóða á miðvikudag með 54 atkvæðum við Austurvöll.

Sprúðlandi gleði

Tímamót, sagði ráðherrann af þessu tilefni, og Agnes tekur heilshugar

”

Það eru ekki síst útlendingarnir sem hafa hrist hausinn og hneykslast á þessari stæku íhaldssemi okkar Íslendinga.

undir það, sprúðlandi glöð fyrir sína hönd og annarra smábruggara.

„Þetta hefur verið baráttumál okkar svo lengi,“ bendir hún á – og rifjar upp þrálát leiðindi gestanna sem heimsótt hafa Kalda á undanliðnum 16 árum, en þeir hafa margir orðið forviða á að fá ekki að kaupa kippu eða tvær á staðnum.

„Það eru ekki síst útlendingarnir sem hafa hrist hausinn og hneykslast á þessari stæku íhaldssemi okkar Íslendinga,“ segir Agnes Anna sem sér nú fram á betri tíð með bjór á krana – og kannski krúttlega ölbúð úti í einu horni verksmiðjunnar þegar breytingin á áfengislögunum

kemur til framkvæmda um næstu mánaðamót.

500 þúsund lítra ramminn

„En þetta verður svolítið snúið fyrir okkur. Skilgreiningin á litlu brugghúsi er að það framleiði ekki meira en 500 þúsund lítra á ári. Fyrir faraldurinn var ég að brugga um það bil það magn – og ég verð því að passa mig á að heimasalan fari ekki úr böndunum,“ segir hún og kveðst biða eftir útfærslu stjórnvalda á þessari sölu beint frá býli.

Hún situr ekki auðum höndum frekar en fyrri daginn – og það dugar ekki fyrir hana að framleiða fimm tegundir yfir allt árið og riflega annað eins af árstíðabundnu öli. Hún opnaði rómuð Björböðin fyrir fimm árum skammt frá verksmiðjunni sinni – og nú er hún byrjuð að breyta gömlu fiskhúsi fyrir neðan bakka í gistiheimili, en þar verða sextán herbergi þegar allt verður kvittað og klárt.

Ævintýrið, frá því karlinn hennar, Ólafur Þróstur Ólafsson, lenti í vinnuslysi til sjós árið 2003 og þau þurftu að finna sér eitthvað nýtt að gera, heldur því áfram á fullri ferð í firðinum fagra. ■

Tvítugur Innipúki í fullu fjöri

toti@frettabladid.is

Bríet, Bjartar sveiflur, Emmsjé Gauti og Hipsumhafs eru meðal tónlistarfólksins sem treður upp á Innipúk-anum sem blæs til 20 ára afmælishátíðar um verslunarmannahelgina.

Aðstandendur Innipúkans segjast fullir tilhlökkunar og heldur betur til í að fagna tímamótunum með stæl, ekki síst þar sem blása þurfti hátíðina af í fyrra og árið þar á undan með skömmum fyrirvara vegna heimsfaraldursins.

Sú skemmtanaplága virðist að mestu nokkuð örugglega að baki og hitt er víst að veður mun aldrei varpa skugga á gleðina, þar sem þar er, eðli málsins samkvæmt, alltaf gott veður á Innipúkanum þar sem aðaltonleikadagskráin fer að sjálfsögðu fram innandyra, í Gamla bíói og á efri hæð Röntgen.

Innipúkinn flytur sig því um set á afmælisárinu, af Grandanum þar sem hann hefur verið undanfarin ár



Stuð 2018 en nú haslar hátíðin sér nýjan völl.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

yfir í Ingólfsstræti. Lagt verður upp með að halda sannkallaðri hátíðarstemningu gangandi alla helgina enda „verður nóg um að vera á götunni fyrir utan staðina sem og inni á stöðunum sjálfum,“ eins og það er orðað. Á útisvæðinu má gera ráð fyrir gamalreynndum refum á borð við árlegum lista- og fatamarkaði, ásamt plötusnúðum og veitingasölu.

Fjölbreytt tónleikadagskrá verður í gangi öll kvöldin frá föstudeginum 29. júlí fram á sunnudagskvöld 31. júlí. Miðasala hófst á Tix.is í gær og athygli er vakin á því að síðustu ár hefur verið uppselt á Innipúkan. Þá var fjöldi skemmtikrafta kynntur til leiks í gær en fleiri listamenn og hljómsveitir eiga eftir að bætast í hópinn fljótlega. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

Vinir við veginn

Sumarleikur á olis.is



Finndu vini í sumarleiknum og leystu út vinalega glaðninga á næstu Olísstöð. Allir þátttakendur eiga svo möguleika á að vinna glæsilega vinninga.

1. vinningur

Milljón Vildarpunkta ferðavinningur Icelandair

2. vinningur

PlayStation 5 frá Sony

3. vinningur

20.000 kr. eldsneytis-inneignir hjá Olís

Taktu þátt á olis.is!

olis

Bakþankar



Svanborgar Sigmarsdóttir

Frelsið er ekki að drepa okkur

Það kom örlítið skarð í ríkiseinokun í vikunni, þegar íslenskum áfengisframleiðendum var leyft að selja beint til einstaklinga, í stað þess að selja bara í gegn um áfengissölu ríkisins og veitingastaði. Sumir vilja meina að þetta hafi tíðkast, þó það hafi ekki farið hátt. En, jú. Nú geturðu heimsótt uppáhaldsbjórframleiðandann og endað á gjafavörusölunni, þar sem hægt er að kaupa bjór með heim, alveg löglega. Alveg eins og þú getur farið og heimsótt Friðheima, skoðað tómataræktun og gengið út með alls konar útgáfur af tómötum: ferskum, maukuðum eða niðursoðum.

Þetta er ekki fyrsta skarðið í einokunina. Nokkrar netsölur eru til sem senda jafnvel heim. Það er hægt að skoða mismunandi verð á sömu vöru og velja mestu þjónustuna og/eða lægsta verðið. Sumir selja jafnvel áfengi á sunnudögum fyrir þau sem langar í vín með sunnudagsgrillinu í sumar en gleymdu að fara í Vínbúðina.

Helstu rök þeirra sem vilja halda einokuninni og helst læsa alla sölu áfengis þar inni, er að aukið aðgengi auki áfengisvandann á Íslandi. Eins og viljinn til að drekka áfengi dofni við það að það sé erfitt að nálgast næstu Vínbúð. Hefur fólk ekki þurft að panta áfengi með póstinum? Eða keyrt hátt í klst. aðra leið í næsta Ríki? Vorum við í of miklu blakk-áti síðustu tvo áratugi 20. aldar? Aðgengið var erfitt en drykkju-menningin var sterk og ekkert sem stöðvaði hana. Nú er aðgengið auðveldara en menningin er með mun veikari prómill. Við skiptum út vodkanu fyrir rauðvín. Unglingarnir drekka minna. Þrátt fyrir aukið aðgengi. Er ekki kominn tími til að treysta fullorðnu fólki fyrir eigin innkaupum? ■

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI

SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983



NÝBYGGINGAR

Í HAFNARFIRÐI

FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU

Í SKARDSHLÍÐ OG HAMRANESI



5 STAR COLLECTION

SERTA ER OPINBER BIRGI















AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

20% AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!

SPLENDID ROYAL

Splendid Royal heilsudýnnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Góður stuðningur er við bakið og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstaða þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefn. Hægt er að velja um tvo stífleika, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt, ofnæmisfrítt og andar vel.



Serta Ocean Splendid eru fánleg í tveimur áklæðisgerðum gráu sléttflauei og gráu áklæði. Þau fást í fjórum stærðum; 160/180/200 x 200 cm og 180 x 210 cm. Náttborð seld sér.

Verðdæmi: Serta Ocean Splendid 160 x 200 cm. Fullt verð: 649.900 kr.

Verð nú 519.920 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is
Lokað í dag 17. júní

